
Félagsvísinda- og lagadeild

Menningarlegur Marxismi

Gagnrýn skoðun á notkun hugtaksins
og
skoðun á því hvaða heimsmynd liggur á bak við hana

Ritgerð til BA-gráðu

Nafn nemanda: Atli Sævar Ágústsson

Nafn leiðbeinanda: Eiríkur Bergman

Vorönn – 2018



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hvaðan kemur kenningin og hverjir viðhalda henni?	3
Protocols of the Learned Elders of Zion	3
Hitler	5
Frankfurtskólinn.....	7
Lind	11
Breivik	15
Paul Joseph Watson.....	17
Jordan Peterson.....	18
Er Vestræn Siðmenning að hruni komin?.....	21
Íhaldsemi sem hugmyndafræði	21
Frjálslyndi sem íhaldsemi	23
Hvað er „Vestræn Siðmenning“	26
Hvað er Marxismi?.....	28
Eru „Marxistarnir“ í raun þau fordómafullu?.....	30
Hvað er Póstmóðernismi?	32
Lokaorð.....	34
Heimildaskrá.....	36

Inngangur

Síðustu ár hefur verið mikið um breytingar í stjórnmálum vesturlanda. Hugmyndir sem hafa verið að mestu á hliðarlínunum til lengri tíma hafa nú komist meira í daglega umræðu. Samtök, félagstörf og hreyfingar eins og Alt-Right í Bandaríkjunum, CasaPound á Ítalíu og Gullin Dögun í Grikklandi hafa stækkað síðustu ár. Alt-Right byggðist upp í ósætti við það hversu linur þeim fannst Repúblikanaflokkurinn vera búinn að vera við minnihlutahópa, innflytjendur og hælisleitendur. CasaPound heldur mjög upp á Mussolini og félagsmeðlimir vilja endurlífga ítalskan fasisma eins og hann var á tímum hans, og Gullin Dögun er nýnasistaflokkur sem hefur, þegar þetta er skrifað, 16 af 300 þingmönnum á Hellenska þinginu.

Einnig hefur ólga átt sér stað á vinstri vængnum. The Democratic Socialists of America (DSA) hefur stórstækkað eftir að Bernie Sanders bauð sig fram til forseta Bandaríkjanna og fór um landið að breiða út orðræðu sem hefur ekki fengið slíkan grundvöll þar í langan tíma og náði að einhverju leiti að koma orðinu „sósíalisti“ út úr skammorðabókinni í því landi. Í Bretlandi hefur Jeremy Corbin náð álíka árangri og stór jök fylgi Verkamannaflokksins og bætti við 30 sætum í kosningunum 2017 en flokkurinn hafði verið að missa þingmenn alveg frá aldarmótum.

Slíkar breytingar hafa borið upp nýjar hugmyndir sem og gamlar hugmyndir sem hafa lengi legið á hliðarlínunni. Ein af þessum hugmyndum er um *Menningarlegan Marxisma*. Samkvæmt þessari samsæriskenningu er Vestræn Siðmenning að nálgast endalokin sín. Marxískir fræðimenn voru gyðingar sem flúðu frá Þýskalandi þegar nasismi varð vinsælli þar og komu til Bandaríkjanna. Þeir þróuðu Klassískan Marxisma í Menningarlegan Marxisma með það að markmiði að eyðileggja Vestræna Siðmenningu og koma á Kommúnísku útópíunni eftir að byltingin í Rússlandi hafði ekki tekist það. Kenningar þeirra hafa síðan náð gríðalegri útbreiðslu innan menntakerfisins og fleiri stofnanna Vestursins og sýna sig í hreyfingum eins og Feminisma, sem grefur undan fjölskyldunni sem er ein af heilögustu stofnunum Vestrænar Siðmenningu. Feminismi, sem útsprengi af Marxisma, mun þá án efa enda í sömu hörmungum og allra verstu sögur frá Sóvíetríkjunum segja til um.

Það er að minnsta kosti hugmyndin í grófum dráttum. Einn af styrkleikum hugmyndarinnar er að það er afar auðvelt að bæta við eða taka út ákveðna þætti til þess að fá hana til að passa betur við umhverfið sem sá sem fer með hana er að tala í. Það er hægt að bæta við að það séu í raun gyðingar á bak við þetta eða það er hægt að sleppa því að tala um múslima. Kjarni málsins er að gildin sem foreldrar okkar og foreldrar þeirra byggðu samfélögin á eru í hættu vegna þess að vinstri sinnað menntafólk ætlar sér að koma á heimi þar sem allir séu eins og búa við sömu skilyrði vegna þess að allir sem hafa það betur en aðrir gera það aðeins vegna þess að þau eru að kúga einhvern.

Það væri auðveldlega hægt að fylla margar bækur af nánari skoðun á hverjum eiginleika hugmyndarinnar sjálfar og heimsmyndarinnar sem hún sýnir fram á. Í þessari ritgerð ætla ég að gera mitt besta við að skrapa af yfirborði þeirrar vinnu, skoða sögu og þróun þessarar hugmyndar þar sem hún þróaðist frá samsæriskenningu um áform sósíalískra gyðinga til heimsyfirráða í gegnum menntastofnanir og fjölmiðla í það að marxískir fræðimenn, mögulega gyðingar, ætli sér að koma af stað kommúnískri byltingu í vesturlöndunum í gegnum menntastofnanir og fjölmiðla. Ég mun skoða nokkur dæmi frá rúmlega síðustu hundrað árum til að fylgja því hvernig hugmyndin hefur þróast gegnum tíðina, mun taka fyrir einstaka þætti og síðan mun ég ræða þá heimsmynd sem hugmyndin ber með sér.

Ástæðan fyrir þessum skrifum er sú að breytingar í pólitík geta haft stórfengleg áhrif á líf einstaklinga innan þeirra samfélaga, sérstaklega þeirra hópa sem eru þegar jaðarsettir eða á einhvern annan hátt í veikri stöðu. Mikilvægt er því að skilja hugmyndirnar sem koma fram í orðræðunni til þess að getað dæmt gildi þeirra til pólitískrar umræðu. Umræðan um Menningarlegan Marxisma er afar andsnúin hinum ýmsu félagslegu og efnahagslegu baráttum kvenna og minnihlutahópa og tel ég það því mikilvægt að skilja hugmyndirnar sem liggja þar á bak við svo að hægt sé að ræða við fólk sem trúir þessu á áhrifaríkan hátt með því að tala um hlutina sem þeim finnst mikilvægir.

Ég mun gera mitt allra besta að koma hugmyndum þeirra fram á sem sanngjarnasta hátt og mun ganga út frá því að einstaklingarnir sem ég skrifa um trúu í raun því sem þeir segja. Þetta eru mögulega ekki alltaf það rétta í stöðunni en tilgangur þessa skrifa er að skilja kenninguna og þá skiptir aðeins máli hvernig hún er sett fram. Einnig harma ég það mjög að ekki geta krufið hvern einasta punkt sem fram kemur þar sem það er svakalega margt til að

fjalla um og margt sem fram kemur hér er annað hvort byggt á litlum skilningi eða hreinum lygum áróðursmeistara, til dæmis hefur Dadaismi og Kúbismi engin tengsl við Bólsévisma, líkt og Hitler heldur fram. Líkt og ég sagði þá gæti þetta fyllt nokkrar bækur en hér mun ég aðeins ná að klóra í yfirborðið.

Hvaðan kemur kenningin og hverjir viðhalda henni?

Þau sem halda þessari samsærskenningu á lofti í dag sleppa því yfirleitt að minnast á gyðinga þar sem hreint út gyðingahatur er enn séð sem hryllingurinn sem það er. Sumir nýta hugtök eins og „Globalists“ eða tala um hvernig George Soros sé að fjármagna hinar ýmsu vinstri sinnuðu hreyfingar. Þessar ásakanir eru ekki lausar við gyðingahatur en eru þó skrefi frá því að ásaka heila trú um áform til heimsyfirráða. Þessar hugmyndir, líkt og sú að menntastofnanirnar séu sýktar af Marxisma, hafa þó rætur sínar í gyðingahatri sem á sér langa sögu. Því ætla ég að ræða aðeins fyrst um *Protocols of the Learned Elders of Zion* og *Mein Kampf* til að sýna fram á hvaðan þessar hugmyndir koma.

[Protocols of the Learned Elders of Zion](#)

Gyðingahatur á sér afar langa sögu. Gyðingar hafa verið minnihlutahópur í mörgum samfélögum í gegnum aldirnar og vantraust á þeim og illvilji í þeirra garð hefur víða verið vinsæll. Einnig hafa einhverjir kristnir flokkar alið á gyðingahatri þar sem þau kenna þeim um dauða Jesú Krists. Samsæriskenningar um gyðinga hafa því verið vinsælar í gegnum tíðina. Árið 1903 var bókin „The Jewish Programme to Conquer the World“ gefin út í Rússlandi. Hún hefur síðan fengið nafnið „The Protocols of the Learned Elders of Zion“ og var þýdd, prentuð og gefin út í stórum hluta heimsins. Bókin er sögð innihalda afurð fundar sem háttsettir gyðingar, Hinir lærðu öldungar Zions, héldu. Þar settu þeir fram áform sín til heimsyfirráða með því að ná stjórn yfir fjölmiðla-, menntamála- og fjármálageiranum, koma á „sósíalisma“ og í lok koma á heimseinveldi gyðinglegs konungs. Fljótlega kom í ljós að þetta rit væri í raun falsað en þrátt fyrir það var því dreift víða. Í Þýskalandi á tímum Nasista var farið yfir það í kennslustundum og Henry Ford borgaði fyrir prentun og dreifingu á 500.000 eintökum í Bandaríkjunum.

Ritið lýsir viðhorfi gyðinga sem harðlega gegn frjálsslyndi. Planið er, samkvæmt ritinu, að taka yfir allar stofnanir samfélagsins og í lokin að ráða yfir heiminum í gegnum gyðingaeinræðisherra. Þeir sem eiga að hafa skrifað þetta rit hafa alls ekki háa sýn á eðli mannfólks og þá sérstaklega þeim sem þeir kalla „goyim“, sem er einfaldlega það fólk sem er ekki gyðingar. Hver manneskja, segir ritið, myndi ávallt fórna velferð allra annara til þess að betrum bæta stöðu sína. Goyim er lýst sem hugsunarlausum flokki sem nokkuð auðvelt er að stjórna ef maður kann til. (Óþekktur höfundur)

„In this difference in capacity for thought between the GOYIM and ourselves may be clearly discerned the seal of our position as the Chosen People and of our higher quality of humanness, in contradistinction to the brute mind of the GOYIM. Their eyes are open, but see nothing before them and do not invent (unless perhaps, material things). From this it is plain that nature herself has destined us to guide and rule the world.“ (Óþekktur höfundur)

Samkvæmt ritinu eru gyðingar vel á leið komnir í áformum sínum. Í gegnum hagkerfi, sem þau eiga langstærstan hluta í, geta þau stjórnað daglegu efnahagslegu lífi goyim og í gegnum fjölmiðla og menntastofnanir geta þau mótað skoðanir þeirra. Það munu þau gera með því að kenna þeim allskonar bullkenningar. Fræðistétt goyim mun þá halda áróðri gyðinga áfram í góðri trú, allt í nafni vísindanna. Þau ýta undir hugmyndir eins og kommúnisma, sósíalisma og anarkisma með það markmið í huga að safna saman öllum stofnunum undir hatt ríkisins. Þá geta þeir einfaldlega tekið yfir ríkið og í gegnum það síðan lagt á lög sem þrengja enn frekar grip þeirra um almúgann, eytt út öllu frjálsslyndi út úr stofnunum samfélaganna og á endanum náð yfirvaldi yfir öllum minnstu gjörðum og hugsunum goyim. Auk skoðunarmyndunnar í gegnum fjölmiðla og menntun munu þau endurskrifa söguna til þess að taka út alla þá þætti sem líta illa út fyrir þau og skilja aðeins eftir þá þætti sem líta illa út fyrir ríkisstjórnir goyim. (Óþekktur höfundur)

„We shall create an intensified centralization of government in order to grip in our hands all the forces of the community. We shall regulate mechanically all the actions of the political life of our subjects by new laws. These laws will withdraw one by one all the indulgences and liberties which have been permitted by the GOYIM, and our kingdom will be distinguished by a despotism of such magnificent proportions as to be at any moment and in every place in a position to wipe out any GOYIM who oppose us by deed or word.“ (Óþekktur höfundur)

Ríkið mun bera svip föðurlægs verndara sem veit best og mun vita best hvað allir eiga að gera og veita öllum það sem þeir þurfa. Einræðisherra gyðinganna, Konungur Ísrael, mun leiða mannkynið að þeirra náttúrulega stöðu, undirgefni. Hann mun krefjast fullkomnar hlýðni við nýju lögin og mun ekki hika við að fórna einstaklingum til þess að halda þeim við. Samkvæmt ritinu trúa gyðingar því að vald sé það eina sem skiptir máli í pólitík og að rétt sé að þeir sterku ráði. (Óþekktur höfundur)

Gyðingarnir ætla að taka yfir og grafa undan frjálslyndu lýðræði með því að koma á kommúnisma, kommúnismi skilinn á þann hátt að allar stofnanir samfélagsins fari undir eitt þak ríkisins. Ríkið mun þannig stjórna fjármálum svo fullkomlega að líf allra verði þannig undir gyðingum komið. Samfélagið mun þá skiptast í risastóra verkastétt og litla eignarstétt sem innihaldi aðeins gyðinga og nokkra Goyim sem eru hliðhollir hinum ísraelska konung. (Óþekktur höfundur)

Hitler

Hitler hafði margt að segja um ástand Evrópu, en sérstaklega Þýskalands, á árunum fyrir og eftir fyrri heimstyrjöldina. Í tíunda kafla Mein Kampf, 'Causes of Collapse', neitar hann því að ástæðan fyrir tapi Þjóðverja hafði verið léleg herstjórn eða of lítill herafli. Hann minnst á lina hendi þáverandi ríkisvalds í málefnum hernaðar en helstu ástæðuna telur hann vera tap hins almenna Þjóðverja á þjóðerniskennd, trú á sögu og menningu Þýskalands og þeirra gilda sem höfðu, samkvæmt honum, verið í hávegi höfð áður fyrir. (Hitler, 1999)

Hverjir báru ábyrgð á þessari hnignun og hvernig gerðist hún? Það kemur nú ekki á óvart að hann sagði gyðinga standa þar á bak við, gyðingar og sósíalistar, en gyðingar stóðu þá á bak við sósíalískar hreyfingar. Menningarlífið hafði hnignað sökum úrkynjaðra bólsévískrar listar sem hafði áhrif á gildismat og heimsmynd Þjóðverja og þá á tengsl þeirra við samfélagið, þjóðina. Í stað þeirrar fögru lista sem þýddu eitthvað og höfðu að geyma ákveðna mannlega sannleika sem kenndi fólki góð gildi og samkennd með nágrannanum var nútímalist ljót og merkingalaus, níhílísk vonleysa sem hafði ekkert gott að kenna. Hitler taldi þessa úrkynjun ekki aðeins hafa áhrif á hugarheim fólksins heldur einnig líkamlegan burð þeirra, hann lagði áherslu á samspil huga og líkama. Úrkynjaður hugur og líkami gerir það síðan að verkum að einstaklingar eru líklegri til þess að blekkjast af hugmyndum eins og

sósíalísma og efnahagur þjóðríkisins færi hallandi vegna þess að fólk verður ekki eins framleiðið. (Hitler, 1999)

It is no accident that the Bolshevistic wave never found better soil than in places inhabited by a population degenerated by hunger and constant undernourishment: in Central Germany, Saxony, and the Ruhr. But all these districts the so-called intelligentsia no longer offers any serious resistance to this Jewish disease, for the simple reason that this intelligentsia is itself completely degenerate physically, though less for reasons of poverty than for reasons of education. (Hitler, 1999)

Úrkynjunin kemur inn samfélagið fyrst í gegnum menninguna og því finnst honum afar mikilvægt að ríkið og fræðifólk sé vel í stakk búið til að berjast gegn hlutum eins og Bólsévískri list. Hann útskýrir ekki með neinni nákvæmni hvaða eiginleika úrkynjuð list hefur, en hann gefur dæmi. Dadaismi og cubismi eru þá dæmi um Bólsévíska listastefnur sem hann telur að myndu aldrei hafa komist að örfáum áratugum fyrr, staðir sem hefðu hýst slíka list hefði verið lokað og skipuleggjendum hent á geðveikrahæli. Áður fyrr hefðu komið fram stefnur sem sögðu sig frá þessari sönnu fegurð sem Hitler telur einkenna gamlar grískar byggingar. Fagurfræði fyrri alda hefur víst fallið langt og gæði fólksins sem nýtur hennar með. Hann bendir fólki sem efast á að líta á listina sem framleidd er í þeim ríkjum sem hafa verið „Bólsévíseruð“. Sú list sem hann sér þar reista upp til opinberar listar ríkjanna er öll „the morbid excrescences of insane and degenerate men“, Cubismi og Dadaismi. (Hitler, 1999)

Art Bolshevism is the only possible cultural form and spiritual expression of Bolshevism as a whole. (Hitler, 1999)

Hann líkir þjóðinni oft við lífveru og sér hann þessar listastefnur sem hluti sem valda sjúkdómum í samfélaginu, sjúkdómum eins og sósíalísma, sjúkdómum sem þarf að eyða út til þess að lífveran haldist hraust. Bólsévísk list er þá bæði einkenni og orsök sjúkdómsins, úrkynjunarinnar, sem leiðir til veiklunar andlegrar og líkamlegrar heilsu einstaklinga og því heildarheilsu þjóðarinnar. Gerir þetta þjóðina þannig veikari fyrir áhrifum gyðinga og þeirra lygum, líkt og sósíalísma. (Hitler, 1999)

For on the day when this type of art really corresponded to the general view of things, one of the gravest transformations of humanity would have occurred: the regressive development of the human mind would have begun and the end would be scarcely conceivable.“ (Hitler, 1999)

Þetta var þá ástæðan, samkvæmt Hitler, fyrir því að Þjóðverjar töpuðu fyrri heimstyrjöldinni. Sjúk list sýkti fólkið svo að það varð andlega og líkamlega veikara sem lýsti sér í lakari trú á Þjóðríkið. Þjóðríkið varð þá veikara. Fræðimenn urðu sömu hnignun að bráð og unnu ekki að því að hindra þessa þróun. Einbeittu sér aðeins að einhverjum huglægum pælingum vitleysinga í staðin fyrir raunverulega visku. Ef ekkert er að gert þá mun Þjóðríkið falla í hendur sósíalista, sem allir eru annað hvort gyðingar eða einhverjir á þeirra snærum. (Hitler, 1999)

Ef að hápunkti samfélagsins var náð fyrir einhverjum tíma, sá tími sem fólk eins og Hitler vill komast aftur til, þá eru allar nýjar hreyfingar óæðri. Þær munu þá, líkt og nýju listahreyfingarinnar, reyna að virðast mikilvægar með því að hata það sem er í raun því æðra. Þau sem að ættu að berjast gegn þessari eyðileggingu á menningu Þjóðríkisins gerðu það þó ekki vegna ótta við óhefta reiði þeirra sem halda þessum nýju sannleikum uppi, vera kallaður illum nöfnum, að vera sakaðir um að skilja ekki snilldina. „...as though it were a disgrace not to understand the products of spiritual degenerates or slimy swindlers“. Þessi nýja list er borin fram sem innri reynsla listamannanna, sem Hitler telur aðeins vera auðvelda leið til að hrista af sér alla gagnrýni. (Hitler, 1999)

“And from this effort to remove the past from the eyes of the present, the evil intent of the apostles of the future could clearly be seen. By this it should have been recognized that these were no new, even if false, cultural conceptions, but a process of destroying all culture, paving the way for a stultification of healthy artistic feeling: the spiritual preparation for political Bolshevism. For if the age of Pericles seems embodied in the Parthenon, the Bolshevistic present is embodied in a cubist monstrosity.” (Hitler, 1999)

Frankfurtskólinn

Sá sem er oft sagður upphafsmaður Menningarlegs Marxisma er Antonio Gramsci. Gramsci var ítalskur kommúnisti sem þróaði Marxíska hugsun meðal annars á meðan hann sat í fangelsi í fasísku Ítalíu. Hann er einna helst þekktur fyrir þróun hans á hugtakinu *Menningarlegt forræði* (e. Hegemony).

Menningarlegt forræði, fyrir Gramsci, er svarið við því af hverju verkafólk heimsins væru ekki þegar búin að stofna til kommúnískrar byltingar. Samkvæmt honum heldur eignarfólk ekki aðeins í valdið sitt með hjálp beins ofbeldis ríkisins heldur einnig í gegnum ráðandi hugmyndafræði samfélagsins. Marx og Engels skrifuðu í *Þýska hugmyndafræðin* (Die

deutsche Ideologie) að hugmyndafræði hvers tíma sé hugmyndafræði ráðandi stéttar þess tíma. Gramsci þróaði þá hugmynd og talaði um að Menningarlegt forræði eignafólks liggja þá í því að valddreifing í samfélaginu virðist fyrir hinn almenna borgaranum vera almenn skynsemi. (Gramsci, 2006)

Svo að ráðandi hugmyndir verða þær að það að auðvitað eigi þjónusta í samfélaginu að vera byggð upp á gróðamarkmiðum, rekin af fyrirtækjum í einkaeign og að þá eiga þau sem ekki eiga fyrirtæki sjálf af sjálfsögðu að selja vinnu sína fyrir laun. Þetta er þá hin réttlátasta og siðferðislegasta ráðstöfun efnislegrar valddreifingar. Þá er ráðstöfun samfélagsins okkar þá ekki bara ein af mörgum mögulegum leiðum til að ráðstafa samfélagi heldur annaðhvort sú eina eða langbesta leiðin til þess að gera það og að tala um eitthvað annað er einföld vitleysa.

Þetta, fyrir Gramsci, útskýrði þá af hverju verkafólk virðist oft vinna gegn sínum hagsmunum og í þágu þeirra sem valdið hafa, þau voru alin upp í hugmyndafræði eignafólksins. Þannig réttlætir Menningarlegt forræði kapítalísks samfélags bæði hvernig samfélagið er uppbyggt og ofbeldið sem notað er til þess að halda því við. Verkafólk þyrfti að þróa sína eigin menningu sem neitaði þeim hugmyndum sem fólk taldi vera bara eins og hlutirnir eru og myndi frekar lýsa veruleikanum eins og verkafólkið upplifði hann?

Þróun af Marxískri kenningu með áherslu á menningu fór einnig fram í Þýskalandi og síðan í Bandaríkjunum eftir að Nasistar fóru að ná völdum. Hópur fræðimanna sem kenndir eru við Stofnun Félagsrannsókna við Goethe háskólann í Frankfurt sem voru ekki aðeins ósáttir með kapitalisma heldur einnig þann sósíalisma sem fram fór í heiminum á þeim tíma. Þeir þróuðu einna helst hugmyndir Karl Marx og Sigmund Freud í von um að rannsaka frekar tengslin milli hins andlega heims manneskjunnar við efnislega og félagslega raunveruleika þeirra. Ein af þeim þekktustu sem þeir þróuðu var Gagnrýniskenningin (e. Critical Theory) sem er í raun regnhlífarhugtak yfir ýmsar kenningar úr ýmsum fræðigreinum sem sækjast eftir að horfa gagnrýnum augum á allar grunnstoðir þekkingar og samfélags í leit að því að losa fólk undan þeim ýmsu tegundum af kúgun sem leynast í daglegu samfélagi okkar við annað fólk og búa til heim sem er betur til þess fallinn að minnka kúgun og auka frelsi mannfólks í nútímasamfélagi. Hugtakið er oft notað einfaldlega fyrir þá vinnu sem Frankfurtskólinn vann að en þó er hægt að nota það yfir ýmsar greinar sem hafa sama markmið líkt og feminismi, *critical race theory* og *post colonial criticism*. (Bohman, 2005)

Samkvæmt Max Horkheimer þarf gagnrýniskenning að innihalda þrjá hluti. Hún þarf að greina vandamál í samfélagi, koma auga á þá þætti sem valda þeim vandamálum og koma með praktískar leiðir til þess að lagfæra vandann. Það á því ekki aðeins að lýsa heiminum og vandamálunum sem liggja innan hans heldur að reyna að koma með leiðir til að breyta honum til hins betra. (Bohman, 2005)

Theodor Adorno, Herbert Marcuse, Max Horkheimer, Jürgen Habermas og Erich Fromm voru nokkur stærstu nöfn Frankfurt skólans. Adorno skrifaði ófáar ritgerðir þar sem hann skoðaði hvernig markaðsvæðing listsköpunar hefði neikvæð áhrif á frelsi listamanna og listaunnenda til gagnrýnnar hugsunnar og framleiðslu nýrra hugmynda vegna þess að allt þarf að vera seljanlegt. Marcuse gaf út *Eros and Civilization*, þar sem hann skoðar samrunna hugmynda Marx og Freud og í sambandi við mögulegt samfélag sem er laust við höft á fólk, og *The One Dimensional Man*, þar sem hann gagnrýnir og lítur á ný félagsleg höft sem menningin leggur á mannfólk í nútímasamfélögum. Hann bar rök fyrir því að þróuð iðnaðarsamfélög mótuðu einstaklinga inn í einvíða persónu sem væri partur af framleiðsluferlinu með því að búa til nýjar gerviparfir í gegnum mismunandi margmiðla, auglýsingar o.fl. og á sama tíma grafa undan gagnrýnni hugsun. Gagnrýni þeirra sneri því að stórum hluta að þeim stofnunum sem viðhalda hugmyndafræðilegum rökstuðningi ráðandi efnis- og valdskiptingar í samfélögum líkt og fjölmiðlum.

Fyrsta kynslóð Frankfurt Skólans voru aðeins karlar, þrátt fyrir það var þeim kynbundin kúgun afar hugleikin og hvernig föst eðlishyggin tvíhyggja kynjanna hefur frelsisheftandi áhrif á fólk. Erich Fromm talaði einna mest af þeim um þessa hluti og sá fyrir að í framtíðinni yrði marxískri- og póststrúktúralískri greiningu á kyngervi og kynhlutverkum haldið áfram. (Kellner, án dags.)

Fromm talaði um það að sálgreining (e. Psychoanalysis) ætti að vera skilin sem efnishyggin sálfræði sem greinir eðlishvatir og þarfir sem hvata til mannlegrar breytni auk þess að greina áhrif ákveðinna atvika í lífi fólks á þessar eðlishvatir. Í gegnum sálgreiningu gætum við þá komist að skilningi um okkar eðlislegu hvatir og hvernig aðstæður okkar og upplifanir gætu haft áhrif á þær. Söguleg efnishygginga (e. Historical Materialism), sem Marx þróaði, greinir sögu mannlegs samfélags út frá félagslegum tengslum fólks við efnislega hluti líkt og framleiðslutæki og greinir hegðun einstaklinga út frá tengslum þeirra við þá þætti. Fromm taldi þessar tvær greinar því passa vel saman þar sem þær horfðu ekki einfaldlega á

hugmyndir sem hugdettu frjóruga heldur sem afleiðingu efnislegra kringumstæðna þeirra. Með samruna þessara kenninga væri þá hægt að greina frá því hvernig félagsleg tengsl einstaklinga og hópa við efnislega raunveruleika þess hefur áhrif á heimsmynd fólks, verður að hugmyndafræðum og mótar hvatir og gjörðir þeirra. Blandan gefur okkur þá sýn inn í þessa þætti og hvernig umhverfið sem við öllumst upp og búum í innlimar inn í hugarheim okkar hugmyndir sem viðhalda þeim efnislega veruleika sem við búum í, á meðan hún minnir okkur á það að mikið af þessum þáttum hafa verið mótaðir af sögulegri þróun. (Kellner, án dags.)

Staða fjölskyldunnar innan mótunarferli fólks inn í þennan hugmyndaheim taldi Fromm afar mikilvæga og skrifaði hann um tengsl hugmynda feðraveldisins og kapítalisma. Þróandi hugmyndina um að ráðandi hugmyndafræði heldur viðráðandi valdarstrúktúrum talar Fromm um það hvernig í hugmyndafræði kapitalísks eignafólks eru ákveðnir eiginleikar mannlegs eðlis eru sagðir góðir á meðan öðrum er ýtt til hliðar. (Kellner, án dags.)

Fromm then discusses Freud's theory of oral, anal, and genital characters, and how specific social structures produce and reward certain types of character traits while eliminating others. In particular, drawing on Werner Sombart's study of the "bourgeois" and on Benjamin Franklin's diaries, Fromm discusses how bourgeois society produced a character structure in which duty, parsimoniousness, discipline, thrift, and so on became dominant traits of the bourgeois character structure while love, sensual pleasure, charity, and kindness were devalued. (Kellner, án dags.)

Jacques Derrida hefur síðan oft verið settur undir sama hatt og meðlimir Frankfurt Skólans. Derrida þróaði og er best þekktur fyrir *afbyggingu* (e. Deconstruction). Afbygging var gagnrýni á það sem Derrida sá sem *Platonisma* vestrænnar heimspekihefðar. Í *Platonisma* er þá horft á tengsl hlutar og eðli hans og haldið því fram að eðli hlutarins, form hans, sé það sem skiptir máli í heimspekinni. Heimspeki er þá leitinn að þessu eðli hlutarins. Hvað gerir stól að stól, hvað gerir réttlæti að réttlæti er ákveðið af einhverju innra eðli þeirra hluta sem við getum reynt að skilja með því að stunda heimspeki? Derrida sneri þessu við og sagði að tilvera hlutarins skipti meira máli en eitthvað innra eðli. Ekki þá bara tilvera hlutarins í sjálfu sér heldur tilvera í sambandi við umhverfið sitt og í raun að eðli hlutarins kæmi aðeins fram í sambandi þess við umhverfi sitt. Spurningin er þá ekki: „hvað gerir stól að stól?“ heldur: „hvað meinum við þegar við köllum eitthvað stól?“ og sama með réttlæti. Tilvera hlutarins

kemur þá ekki fram út frá einhverju innra eðli hans heldur verður eðli hans til út frá því hvernig tilvera hans er notuð daglega. Mikilvægt er síðan að muna að þessi daglega notkun hefur þróast í gegnum söguna í mannlegu samfélagi og hlýtur þá að mótast eftir því. Þegar fólk sækist þá eftir því að framkvæma réttlæti fer fólk eftir þessu eðli sem við teljum yfirleitt vera innan hugtaksins en ef við nýtum afbyggingu virðist það vera ómögulegt vegna þess að skilningur okkar á eðli hugtaksins gefur okkur aðeins takmarkaða nálgun að raunverulegu réttlæti. (Lawlor, 2006)

Lind

Í Bandaríkjunum hefur orðræða þróast í kringum það sem kallað er Menningarstríðin (e. Culture Wars). Menningarstríðin byggjast á tveimur hliðum sem eru að berjast um siðferði ríkisins. Á hægri endanum eru íhaldsfólk (e. Conservative) og hefðarsinnar (e. Traditionalist) en á vinstri endanum eru frjálslyndir (e. Liberal) og framsæknir (e. Progressive). Þessi bardagi, hvort sem hann sé réttmætur eða ekki, tekur mikið pláss í umræðu stóru fjölmiðlanna og tengist oft stóru flokkunum tveimur, með Repúblikana á hlið íhaldsemi og hefðasinna og Demókrata á hlið frjálslyndra og framsækinna.

Í Kalda Stríðinu höfðu öll Bandaríkin frekar augljósan sameiginlegan óvin sem voru Sóvíétríkin. Undir lok Sóvíétríkjanna þróaðist þessi orðræða um Menningarstríðin og hægridd þyrfti að finna nýjan óvin. Andkommúnískur áróður hafði verið í gangi í afar langan tíma og hafði lagt sitt mark á samfélagið. Hræðsla við kommúnista var víða og lá þá við að nýta það. Mikil breyting hafði orðið á samfélaginu á síðustu áratugum. Feminískrar hreyfingar, borgararéttindabaráttar svartra og mótmæli gegn stríði voru tíð í Bandaríkjunum yfir seinni hluta 20. aldarinnar. Margar af þessum breytingum drógu baráttuandann sinn frá vinstri væng stjórnmála.

Þetta var íhaldsfólk upp til hópa ekki ánægt með. Kristni, hlutverk kynjanna, og fyrir mörgum hlutverk og staða kynþátta, voru hlutir sem voru ekki einungis hlutlægir sannleikar raunveruleikans heldur stoðir hins bandaríska samfélags og ástæða velferðar þess. Það að uppmála þessar framsæknu hreyfingar sem part af einhverju stærra og slæmu var því vel til fundið. Um aldarmótin kom William S. Lind fram á hinum ýmsu íhaldsömu samkomum og fór með ræðu sem titluð var „The Origins of Political Correctness“. Í henni fullyrðir hann að Frankfurtsskólinn hafi haft mikil áhrif á bandarískt samfélag seinni hluta 20. aldar.

Hann spyr: Hvaðan kemur „victim feminism, the gay rights movement, the invented statistics, the rewritten history, the lies, the demands, all the rest of it?“ Í fyrsta skipti í sögu ríkisins, segir hann, þurfa Bandaríkjabúar nú að passa hvað þau segja í ótta að vera sökuð um kynþáttahatur, kynjamismunun eða hómófóbíu. Pólitískur Rétttrúnaður er ekkert lítið mál. Heldur er það sjúkdómur, sjúkdómur hugmyndafræða. Sjúkdómur sem hefur valdið milljóna dauða í Evrópu, Rússlandi og í Kína. Pólitískur Rétttrúnaður er Menningarlegur Marxismi. Marxismi þýddur frá efnislegri greiningu yfir í menningarlega. Pólitískur Rétttrúnaður á þá dýpri rætur en aðeins til sjöunda áratugsins. Hann nær því til fyrri heimstyrjaldarinnar í formi Gagnrýniskeningarinnar (e. Critical Theory). (Lind, 2000)

Lind segir okkur að Menningarlegur Marxismi og Efnahagslegur Marxismi séu líkir á nokkra vegu. Í fyrsta lagi eru bæði Menningarlegur Marxismi og Efnahagslegur Marxismi alræðishyggjar og í raun, sem hugmyndafræði, geti þær ekki verið annað. Íhaldsemi, bætir hann þá við, er ekki hugmyndafræði. Hann skilgreinir hugmyndafræði sem þá gjörð að taka einhverja heimspeki og segja að samkvæmt henni hljóti ákveðnir þættir að vera sannir og ef raunveruleikinn passi ekki við spekina er raunveruleikanum neitað. Þegar einhver hugmyndafræði nær þá völdum verður bannað að segja þá hluti sem eru sannir vegna þess að það þarf að vernda lygar hugmyndafræðarinnar. Fólk mun sjá lygina og vilja berjast gegn henni og þetta er þá ástæðan fyrir því að hugmyndafræði býr óhjákvæmlega til alræðisríki. (Lind, 2000)

Í öðru lagi greina báðar hugmyndafræðirnar heiminn út frá aðeins einum þætti. Efnahagslegi Marxisminn greinir alla sögu mannkyns út frá eign á framleiðslutækjum. Menningarlegur Marxismi greinir alla sögu mannkyns út frá því hvaða hópar, skilgreindir með kyni, kynþætti o.fl. hafi vald yfir hvaða hópum og þá tengslum hópana við vald. (Lind, 2000)

Í þriðja lagi skilgreina þær báðar einstaklinga innan ákveðinna hópa sem góða og aðra sem illa. Efnahagslegi Marxisminn segir vinnufólk og bónda góð en eignarstéttina vonða. Menningarlegur Marxismi segir þá svarta, feminískar konur (ófeminískar konur eru víst sagðar ekki vera til), samkynhneigða, o.fl. góða en hvíta karlmenn slæma. (Lind, 2000)

Í fjórða lagi er það eignarnám. Þegar Efnahagslegir Marxistar, líkt og í Rússlandi, komast til valda taka þau eignir eignarstéttarinnar og setja það í hendur ríkisins í nafni verkalýðsins. Þegar Menningarlegir Marxistar taka svo yfir stofnanir eru lagðar á jákvæðar

mismunanir þar sem hvítum karlmönnum er hafnað um stöður sem fara til kvenna og minnihlutahópa. (Lind, 2000)

Í fimmta og síðasta lagi nota þær báðar fræðilegar aðferðir sem eru hannaðar til þess að sanna hugmyndafræðina. Fyrir Efnahagslegans Marxisma er það einfaldlega Marxísk greining. Fyrir Menningarlega Marxista er það *afbygging*. Með henni er hægt að taka hvaða merkingu sem texti ber í sér úr honum og bæta við einhverju um kyn eða kynþætti. Þar með sanna að öll skrif og öll saga mannkyns hefur snúist um valdabaráttu milli hópa. (Lind, 2000)

Pólítískur Rétttrúnaður hefur þá rætur sínar í Marxisma. Þegar verkafólk heimsins sameinaðist ekki til að taka niður eignarstéttina þegar fyrri heimstyrjöldin byrjaði árið 1914 urðu Marxistar víst hissa, það passaði ekki við kenninguna. Í stað þess fór verkafólkið í stríð við hvort annað í nafni þjóða. Síðan þegar bylting Bólsévíkanna í Rússlandi dreifðist ekki um allan heim hugsuðu þeir að eitthvað væri að. Samkvæmt skilgreiningunni á hugarfari þeirra sem trúa á hugmyndafræði sem kom fram hér að ofan gat það ekki verið kenningin. Það hlaut að vera raunveruleikinn. (Lind, 2000)

Antonio Gramsci og Georg Lukacs voru kommúnískir fræðimenn sem fóru þá að þróa kenninguna til að finna út hvað hafði farið úrskeiðis. Niðurstaða þeirra var að kommúnísk bylting væri ómöguleg á meðan Vestræn menning væri ráðandi og þá helst kristna trúin. Verkafólk myndi aldrei sjá sína stéttahagsmuni fyrr en þau væru frelsuð frá þessum þáttum. Markmiðið þyrfti þá að vera að eyðileggja Vestræna Síðmenningu til þess að Marxismi gæti náð festu í hugum verkalýðsins. (Lind, 2000)

Árið 1923 var stofnuð Stofnun fyrir Félagsrannsóknir (e. Institute for Social Research) við Háskólann í Frankfurt. Stofnunin var til að byrja með einnig þekkt sem Stofnun Marxisma en stofnunin hefur síðar fengið nafnið Frankfurtskólinn. Tilgangur stofnunarinnar, samkvæmt Felix Weil sem fjármagnaði stofnunina, var að bæta við og þróa Marxisma. Innan þeirra veggja unnu þessir fræðimenn að því að þýða Efnahagslegan Marxisma yfir í menningarlega þætti og niðurstaðan var þessi sem talið var upp hér að ofan. (Lind, 2000)

Árið 1930 tók Max Horkheimer við stjórn stofnaninnar. Horkheimer, líkt og hinir meðlimir Frankfurt Skólans, fóru ekki eftir flokkslínu Sóvíetríkanna. Horkheimer var til dæmis afar áhugasamur um Freud en þar lá lykillinn að því að þýða Marxisma yfir í Menningarlegan Marxisma: blanda saman Marx og Freud. Með þessum nýja stjóra fóru

rannsóknir stofnunarinnar að snúast minna um *undirbyggingu* (e. *Substructure*) samfélagsins, þ.e. efnislegu aðstæður fólks, og meira um *yfirbyggingu* (e. *Superstructure*) þess, þ.e. trú, menntun, neyslu fjölmiðla o.fl. Gagnrýniskeningarnar sem þróaðar voru þarna lögðu klassísku Marxísku greininguna á tengslum þessara hluta, efnislegra aðstæða og huglægra stofnanna í efa. (Lind, 2000)

Lind sagði þessa nafngift bráðsnjalla: Gagnrýniskening. Því hver er þá kenningin? Kenningin er einfaldlega það að gagnrýna. Tilgangur kenningarinnar er þá að draga alla þætti Vestrænnar Siðmenningar í efa án þess að koma með neinar hugmyndir um hvað gæti komið í stað þess. Þessir Marxistar segja að það sé í raun ekki hægt að gera sér í hugarlund hvernig heimurinn verður í þeirra hugmynd af frjálsu samfélagi vegna þess að hugar okkar eru enn kúgaðir af kapítalísku hagkerfi. Tilgangurinn er þá aðeins að gagnrýna. Gagnrýna til þess að eyðileggja. Þegar feministar segja þá að allt samfélagið er á höttunum eftir konum þá er það einmitt leitt af Gagnrýniskeningunni. (Lind, 2000)

Annar þáttur sem Lind minnst á er sýn þessara fræðimanna á kynin og kynlíf. Hann vitnar í Herbert Marcuse segja að samfélagið ætti einkennast af „polymorphous perversity“. Erich Fromm skrifaði að karlmennska og kvenleiki væru alls ekki eðlislægir eiginleikar heldur framleiddir af félagslegum veruleika einstaklinganna. (Lind, 2000)

En hvernig flytur þetta síðan yfir til Bandaríkjanna? Þessir menn voru allir Marxistar, en þeir voru einnig gyðingar. Þegar Nasistarnir fóru að taka til sín völd var stofnuninni lokað og flúðu þeir til Bandaríkjanna, komu sér fyrir í New York og endurreistu stofnuninna þar árið 1933. Fóru þeir þar að einblína skrifum sínum að bandarísku samfélagi. Í stríðinu fara nokkrir þeirra að vinna fyrir ríkið, Marcuse vinnur fyrir OSS og einhverjir, meðal þeirra Horkheimer og Theodor Adorno, fluttu til Hollywood. (Lind, 2000)

Síðar þegar hinar ýmsu hreyfingar fara að rísa á sjöunda áratugnum fer það fólk að leita sér að fræðilegum bakgrunni við mótstöðu sína við Víetnam stríðið og fleira. Þar varð starf Frankfurt Skólans að kenningu Nýja Vinstrisins í Bandaríkjunum. Ein af bókunum hans Marcuse „Eros and Civilization“ varð mjög vinsæl á þessum tíma. Hún fjallar um eyðileggingu þeirra hamla sem halda aftur úr getu okkar til að verða frjáls og hamingjusöm, hamla kapítalíska kerfisins. Hún ímyndar sér framtíð þar sem er engin vinna, allt sé aðeins leikur, kynkvötin er frelsuð, heimur sem einkennist af „polymorphous perversity“, heimi þar sem

mottóið er: „Ef þér finnst það gott, gerðu það“. Þessi frelsun og þetta umburðarlyndi, þegar það kemur síðan inn á háskólasvæðin verður síðan í raun umburðarlyndi fyrir öllum hugmyndum frá vinstri og óþol fyrir hugmyndum frá hægri. (Lind, 2000)

Bandaríkin eru þá, samkvæmt þessu, á hættulegri leið í átt að alræðisríki í nafni hugmyndafræði. Með löggjöf um hatursorðræðu er fólki gefið dóma fyrir pólitískar skoðanir og fólk lendir illa í því ef það fer gegn straumnum á háskólasvæðum. Mikilvægt þykir Lind þá að allir geri sér grein fyrir því að feminismi, réttindahreyfing samkynhneigðra og svartra og fleiri hreyfingar séu ekkert grín. Þetta eru stórhættulegar hreyfingar sem sækjast eftir, og ef þær eru ekki stöðvaðar munu takast, að eyðileggja Vestræna Siðmenningu og allt sem hann skilur vera frelsi okkar í vestrinu og menningu. (Lind, 2000)

Breivik

Þann 11. júlí 2011 var framin mannskæðasta árás á norskri grund frá tíma seinni heimstyrjaldar. Anders Breivik kom fyrir sprengju fyrir utan stjórnarráðsbygginguna í Osló og skaut niður ungmenni í Útey. Myrti þann dag 77 manns, sem langflest voru meðlimir ungliðahreyfingu Verkamannaflokksins. Nokkrum klukkutímum fyrir þetta deildi hann skjali á internetið, árásin hafði verið ætluð einfaldlega til að beina athygli fólks að þessu skjali. Skjalið var titlað: „2083: A European Declaration of Independence“. Innan þess eru 1515 síður sem innihalda ávarp hans til íbúa Vesturheims. Hann vildi að fólkið í Evrópu gerði sér grein fyrir þeim lygum sem okkur hafa víst verið borið sem sannleikur. Hann fer yfir hina ýmsu sögulegu atburði, þar sem „Vestrið“ er í baráttu við Islam, þar sem hann telur að Vestrið hafa verið óréttlætlega málað sem slæma hliðin. Hann lýtur svo á að Vestrið sé búið að vera í baráttu við Islam alveg frá stofnun þess.

Hann talar um hvernig allt var miklu betra um miðja tuttugustu öld. Þá gat fólk skilið hurðir eftir ólæstar, konur sinntu heimilinu og karlmenn voru raunverulegir karlmenn. Vestræn, kristin gildi urðu til þess að samfélagið var öruggt og allir yfirhöfuð hamingjusamir. Fjölskyldan var eining með móður og föður sem ólu upp vel gerðan einstakling. En nú er tíðin önnur og ef við í Vestrinu berjumst ekki gegn breytingu á samfélaginu og innflutning múslima mun Vestrið eyðast og allt sem forfeður okkar byggðu verða að engu er samfélögin brotna upp í morðum og nauðgunum. (Breivik, 2011)

Hverjir standa þá bak við þessar lygar? Það eru Menningarlegir Marxistar sem halda lífi í kenningum Frankfurt Skólans. Pólítískur Rétttrúnaður hefur orðið ráðandi hugmyndafræði alls Vestursins. Pólítískur Rétttrúnaður er í raun einfaldlega annað nafn fyrir Menningarlegann Marxisma og Feminismi er hið hreinasta form af þeirri hugmyndafræði. (Breivik, 2011)

Hann virðist hafa tekið skilgreininguna af Menningarlegum Marxisma sem Pólítískum Rétttrúnaði beint úr ræðunni hans Lind. Hann breytir því aðeins að hans orðræðu og bætir þá við múslimum sem minnihlutahóp sem Menningarlegu Marxistarnir eru að gera allt fyrir og hann bætir við „kristnum“ og „þjóðernislega Evrópskum“ við hvítu karlmennina. (Breivik, 2011)

Hann tekur undir skilgreininguna sem Lind gaf á hugmyndafræði. Hann kallar sjálfan sig félagslega íhaldsaman og tekur fyrir það að það sé hugmyndafræði. Líkt og Lind sagði okkur segir Breivik okkur líka: Pólítískur Rétttrúnaður er dulbúinn Marxismi sem mun eyða Vestrænni Siðmenningu og þar sem Marxismi passar ekki við raunveruleikann hafa og munu ýmsar kúganir vera framkvæmdar til þess að láta samfélagið passa við kenninguna. „In the end, the result is inevitably the concentration camp, the gulag and the grave.“ (Breivik, 2011)

Fyrir honum snúa öll spjót á hinn kristna evrópska hvíta karlmann. Feministar eru að eyðileggja kjarnafjöldskylduna og þar með grundvöll velferðar Vestursins. Innflutningur á múslimum og lituðu fólki er bein ógn gegn kristnum gildum og hvítu fólki. Allt réttlætt með Menningarlegum Marxisma. (Breivik, 2011)

Ávarp hans er þá boð til allra Evrópubúa til að standa upp gegn Marxisma innanlands og múslimanna sem eru samkvæmt honum að ráðast inn í vesturlöndin. Flestir sem tala um hættu Menningarlegs Marxisma láta sér nægja að ræða málið. Gagnrýna fólkið og stofnanirnar sem þau telja ganga erinda þessara hugmynda. En Breivik telur að meira þurfi að gerast. (Breivik, 2011)

Til þess að sigrá Pólítískan Rétttrúnað nægir ekki að gagnrýna. Hann þolir ákveðna gagnrýni og atlægi. Þetta leyfa Menningarlegu Marxistarnir til þess að virðast vera minni ógn en þeir eru í raun og veru. Þau vita að þau verða að fela alræðistilburði sína þangað til þau fá raunverulegt vald. Til þess að berjast gegn þeim þarf að halda áfram að segja það sem vitað sé satt. Að nota orðin sem þau banna, neita að nota orðin sem þau vilja að notuð sé. Halda

þarf áfram mótspyrnu gegn Sharia lögum og að halda áfram að tala um hluti eins og að múslimar séu líklegri til þess að fremja ofbeldisfulla glæpi og að flestar smitanir af alnæmi eru viljandi gerðar með því að taka þátt í siðlausum kynferðisathöfnum. Síðan þarf að neita að senda börn í ríkisrekna skóla. Mikilvægast af öllu er að fara ekki eftir þeim reglum sem pólitískur rétttrúnaður ýtir á samfélögin. Kvenmenn eiga að vera húsmæður en ekki lögreglur og karlmenn eiga að halda hurðum opnum fyrir dömum. Börn ættu ekki að vera fædd utan hjónabands og upphafning samkynhneigðar ætti að vera neitað. Dómarar ættu ekki að taka Islam sem réttmæta skýringu fyrir morði. (Breivik, 2011)

Ástæðan fyrir þessum mótmælum er sú að slík opin mótbára er veikur blettur pólitískrar rétttrúnaðar. Þegar einhver félagslega íhaldsamur einstaklingur tekur stöðu gegn þessari „hugmyndafræði Vesturlanda“ gefur það öðrum hug til að gera slíkt hið sama. Breivik segir að hægt sé að berjast svona á móti eins og er. (Breivik, 2011)

„While the hour is late, the battle is not decided. Very few Western Europeans realise that Political Correctness is in fact Marxism in a different set of clothes. As that realisation spreads, defiance will spread with it. At present, Political Correctness prospers by disguising itself. Through defiance, and through education on our own part (which should be part of every act of defiance), we can strip away its camouflage and reveal the Marxism beneath the window-dressing of “sensitivity,” “tolerance,” and “multiculturalism.”

Who dares, wins., (Breivik, 2011)

[Paul Joseph Watson](#)

Þessar hugmyndir hafa náð sér í áhorfendur. Dreifendur áróðursins eru farin að nýta sér alla nýjustu tækni, til dæmis má heyra marga vinsæla einstaklinga á Youtube tala um hvernig samfélag nútímans sé að fara til fjandans vegna Menningarlegra Marxista. Til dæmis Paul Joseph Watson sem vinnur fyrir netmiðilinn InfoWars. Á rásinni sinni á Youtube fer Watson ekkert leynt með það að hann kann illa að meta nútímalist og í raun lýst honum illa á núverandi stöðu Vestrænnar menningar.

Í myndbandi titlað „The Truth About Popular Culture“ útskýrir hann að menningin í gamla daga hífði manneskjur upp og fyllti þær með þorsta á þekkingu og skilning á fegurð en nú, á síðastliðnum tveimur áratugum, hefur menningin algjörlega misst þann eiginleika og orðið ekkert nema níhilískt, hedónískt gildisleysi, sömu taktarnir endalaust endurteknir við

heimskulegri texta og ruslatunnur og tóm herbergi fá tíma inn í listasöfnum. „For the past two decades pop culture has only served as a sewer pipe of projectile diarrhoea aimed directly at our gawping mouths.“ (Watson, 2017)

Það að stjórnur nútímans séu orðnar sjálfhverfari og verri manneskjur verður til þess að krakkarnir verða það líka er þau reyna að lifa eins og stjórnurnar sínar. Hann bendir svo á það að sjálfsmorðstíðni einstaklinga frá 10 ára aldri upp til 24 ára hefur farið hækkandi á árunum eftir 2010. Hann kennir innihaldsleysi menningarinnar sem þessir krakkar innbyrða um vanlíðan þeirra. Síðan bendlar hann aukinni handtökutíðni í Bandaríkjunum frá áttunda áratugi við rapp sem glamúrísarar dóp og glæpastarfsemi. Ungt fólk í dag hefur síðan enga alternatíva list til að tjá gremju sína við ráðandi menninguna þar sem allt sem passar ekki inn í hið Póstmóðerníska, Menningarlega Marxíska gildisleysi og níhilisma er haldið úr spilun. Það er engin mótmening, eða svo segir hann okkur. Þetta er allt partur af planinu hjá Menningarlegu Marxistunum til að eyðileggja Vestræna Siðmenningu. (Watson, 2017)

Nútímalist er síðan Sósíalískur Realismi okkar tíma. Á sama hátt og listin í Sóvíetríkjunum var notuð í áróðurskyni til að fá fólk til að taka yfirvöldin þar í sátt er nútímalist að grafa undan öllu sem gerði Vestrið gott. Raunveruleikapættir, segir hann okkur, eru oft vitnaðir sem ástæða þess að ISIS hatar Vestrið, „And who can blame them?“ segir hann svo í hálfgríni. (Watson, 2017)

Þau sem berjast fyrir Vestrænni Siðmenningu þurfa því að berjast gegn þessari þróun. Gegn því að vinsæl menningin innihaldi aðeins tónlist sem hljómi öll eins. Gegn því að hlutir sem þarfnast ekki tæknilegrar kunnáttu eða tíma til að framleiða séu kallaðir list. Fyrir því að Vestræn Siðmenning skilgreinist af Shakespeare og Beethoven. „Popular Culture, as it exist today, actually presents a direct threat to Western Civilization. Since it provides our enemies with a justifiable reason to destroy us.“ (Watson, 2017)

Jordan Peterson

Jordan Peterson hefur orðið afar vinsæll nýlega. Hann er með yfir milljón áskrifendur á Youtube og bókin hans, *12 rules for life*, er á metsölulista Amazon þegar þetta er skrifað. Hann er klínískur sálfræðingur og prófessor í sálfræði við Háskólann í Toronto. Það sem hann hefur þó orðið vinsæll fyrir er gagnrýni hans á það sem hann kallar helst Póstmóðernisma, Nýmarxisma eða Menningarlegan Marxisma. Talar hann gjarnan um það sem hann hefur

tekið eftir í menntakerfinu, einmitt það að stórir partar hugvísindanna, t.d. kvennfræði, séu í raun orðnir staðir þar sem fólk lærir það sem hann kallar „The PC Game“.

Hann lýsir reglum þess leiks í myndbandinu „2016/10/05: Part 3: The PC Game (and some counter-tactics)“. Leikurinn snýst um að einfalda einhvern þátt manlegs samfélags niður í sigurvegara og tapara. Hann tekur sem dæmi bókasölu, það er aðeins lítill hópur af fólki sem situr á toppnum og selur langflestar bækur á meðan flestir selja fáar eða engar. Þeir fáu á toppnum eru þá sagðir sigurvegarar á meðan hinir séu taparar. Síðan þarf að halda því fram að þau sem tapa gera það aðeins vegna þess að þau sem vinna séu að kúga þau. Síðan þarf að staðsetja sig í liði með töpurunum. Vertu síðan fullkomlega viss um sannindi þessarar greiningar og njóttu þín í siðferðislegum yfirburðum þínum. Nú getur þú kennt þessum nýja óvini um allar þínar gremjur. Endurtaktu þetta síðan ávallt, alls staðar. (Peterson, 2016/10/05: Part 3: The PC Game (and some counter-tactics), 2016)

Hann telur þessa tegund af kennslu hafa farið fram síðustu þrjátíu ár hafa því margir verið útskrifaðir og eru þá orðnir partur af öllum þáttum samfélagsins. Þar á meðal löggjafavaldið sem býr þá til jákvæða endurgjöf sem veldur því að þessi greiningaraðferð fær frekari stað innan samfélagsins. Sem dæmi um þetta talar hann mikið um löggjöfina Bill C-16, 2016. En með honum bætti kanadíska þingið kynvitund og kyntjáningu við þá þætti sem ekki má mismuna fólki á og sem verndaða hópa undir lögum um hatursorðræðu. Þetta segir hann vera það sem Herbert Marcuse minntist á í sambandi við „the long march through the institutions“ þar sem lykilinn að því að breyta samfélaginu væri að breyta stofnunum þess, líkt og menntastofnunum. (Peterson, 2016/10/05: Part 3: The PC Game (and some counter-tactics), 2016)

Þessir Póstmóðernistar trúá eingöngu á vald. Þess vegna geta þau haldið fram alls konar vitleysu um heiminn. Vegna þess að það eina sem skiptir þau máli sé vald. Þegar heimurinn er í kjarnann óréttlátur þá skiptir sannleikurinn ekki lengur máli, tilgangurinn helgar meðalið. Mikilvægt finnst honum því að tala gegn þessari hreyfingu vegna þess að hann sér þetta sem skipulagða árás gegn Vestrinu. Skipulagða af Marxistum sem trúá að heimurinn gæti verið til án stigvalda. (Ruminate, 2017)

Jordan Peterson kom fyrst upp á radarinn hjá mörgum þegar myndbandi var deilt þar sem hann neitar að kalla nemendur sína með þeim kynfornöfnum sem þau vilja. Í myndbandi

titlað „Part 1: Fear and the Law“ segir hann að hann muni alls ekki leyfa fólki að ákveða hvaða fornöfn hann notar á þau vegna þess að hann trúir að það liggi pólitískur hvati undir þeirri notkun sem kemur frá einhverjum „entire underground apparatus of political motivations, radical left political motivations“ og það eitt að nýta orðin sem nemendurnir vilja geri hann að tóli pólitískra afla sem hann trúir ekki á. „I’m going to try to be a tool of my own motivations, as clearly as I can articulate them, and not the mouthpiece of some murderous ideology.“ (Peterson, 2016/09/27: Part 1: Fear and the Law, 2016) Kynlaus fornöfn eða notkun á fornöfnum sem passa ekki við þau kynfæri sem manneskjan fæddist með gætu þá endað með þjóðamorði.

Er Vestræn Siðmenning að hruni komin?

Þá er það stóra spurningin: Er Vestræn Siðmenning að eyðast? Eru Marxistar, mögulega gyðingar, búnir að sýkja alla akademíu vesturheimsins með hugmyndafræði sinni? Ef Vestræn Siðmenning snýst um föst tvíhygginn kynjahlutverk þar sem karlmaður kemur sér áfram í viðskiptum á meðan kvenmaður sér um heimilið og börnin, þjóðríki með skýrum landamærum bæði er varðar tungumál og menningu þar sem fólk heldur sér með sínum líkum, þar sem gildi byggð á fjölskyldunni, gagnkynhneigð og virðing fyrir valdastrúktúrum þá gæti svarið við fyrri spurningunni vera já. Hvort að það hafi verið skipulagt af Marxískum gyðingum er ég ekki eins viss með. Þessi skilgreining á Vestrænni Siðmenningu tel ég þó frekar takmarkaða. Ég velti því fyrir mér hvort mögulegt sé að tala um eitthvað eins stórt og það sem telst til „Vesturlanda“ sem eina heild. En fyrst verðum við að koma einu á hreint: Íhaldsemi er hugmyndafræði.

Íhaldsemi sem hugmyndafræði

William Lind og Anders Breivik halda því fram að íhaldsemi sé ekki hugmyndafræði. Reyndar er þetta lína sem maður heyrir oft frá íhaldsömu fólk, að það aðhyllist ekki neina hugmyndafræði, þau trúir bara á sannleikann. Ég tel þetta vera vafasama stöðu til að taka þar sem hún sýnir ákveðið gagnrýnisleysi á eigin breyskleika og tilhneigingu til að verða blinduð af eigin, oft ómeðvituðum, forsendum.

Skilgreining þeirra, til upprifjunar, er sú að hugmyndafræði sé einhver hugmynd sem fræðimenn hafa þróað um það hvernig heimurinn virkar sem er síðan tekin sem eini rétti skilningurinn á því. Til dæmis sú sýn að saga heimsins sé saga stéttabaráttu. Síðan þegar raunveruleikinn passar ekki inn í kenninguna sem hugmyndafræðin talar fyrir þarf að nýta vald til þess að neyða fólk til að taka að sér heimsmynd kenningarinnar. Hugmyndafræði er því í eðli sínu alræðishyggja þar sem hún þarfnast valds og kúgunar til þess að ná fram markmiðum sínum.

Þessi skilgreining staðsetur þá íhaldsfólk sem þau einu sem sjá raunveruleikann eins og hann sé í raun og veru og sem kyndilberar raunverulegs frelsis og hamingju mannfólks. Fólk sem trúir einhverju öðru er þá annað hvort lygarar eða hafa einfaldlega vera göbbuð.

Þetta tel ég vera afar takmarkaða skilgreiningu. Ég tel skilgreininguna hans Páls Skúlasonar ná betur um fyrirbærið:

„[Hugmyndafræði er] samtengt safn hugmynda og hleypidóma sem öðlast hefur valdastöðu í mannfélaginu og hvetur fólk til að horfa á heiminn og haga sér á ákveðinn hátt. Hugmyndafræði í þessum skilningi á sér ekki ákveðna talsmenn eins og tiltekin stjórnámálaskoðun eða fræðikenning sem borin er fram í ræðu og riti af hugsandi einstaklingum. Hugmyndafræði styðst ekki við rök heldur það sem segir sig sjálf og þarf ekki að rökstyðja.“ (Páll Skúlason, 2008)

Það að einhver aðhyllist hugmyndafræði þýðir því ekki að einstaklingurinn hafi rangt fyrir sér heldur þýðir það að hann sé aðeins ógagnrýnninn á ákveðnar skoðanir sem hann hefur tileinkað sér í gegnum lífið. Slíkur vefur skoðana hefur þá áhrif á ákvarðanir og gjörðir einstaklinga. Jafnvel getur hugmyndafræðin orðið til þess að einstaklingurinn framkvæmi hluti sem í raun virkar gegn hagsmunum þess markmiðs sem hann vill ná eða hugmyndanna sem hann telur sig vera að framfleyta vegna þess að forsendurnar sem hann gefur sér án þess að vita það séu rangar. Slíkir vefir skoðana eiga það samt til að verða líkir hjá hópum fólks þannig hægt er að tala um einn vef sem íhaldsama hugmyndafræði, aðra sem sósíalíska hugmyndafræði, aðra sem frjálslynda hugmyndafræði, o.fl. Hugmyndafræðarnar hafa síðan gefið af sér rit í gegnum þá sem hafa tileinkað sér þær forsendur sem tilheyra þeim og unnið út frá þeim.

Hugmyndafræði, skilið á þennan hátt, ákvarðar þá hvaða staðreyndir skipta í raun máli og hvaða aðgerðir séu réttlætanager. Sem dæmi um þetta gæti verið sú að trúin um að það efnahagsskipulag sem við lifum undir núna sé það besta sem við höfum möguleika á leiðir að allt öðrum niðurstöðum er varðar pólitík heldur en ef við myndum gefa okkur það að betra skipulag væri mögulegt. Einnig leiðir sú hugmynd að allir einstaklingar eigi sömu tækifæri til að verða rík að allt öðrum niðurstöðum heldur en hugmyndin um að ýmsir þættir í aðstæðum fólks hafi áhrif að sumir haldist ávallt í fátækt.

Það er þá kannski ekki undarlegt að fólk sem berst fyrir því að heimurinn fari aftur til þeirrar stöðu sem þau trúa að hafi verið áður fyrr telji sig sjá heiminn eins og hann sé í raun og veru eins og þau sjá hann vegna þess að ráðandi stofnanir samfélagsins hafa ýtt undir þær skoðanir sem þau tileinka sér. Hreyfingar sem berjast fyrir breyttum aðstæðum virðast þá

fyrir þeim vera í besta falli á villigötum og í versta falli að reyna að breyta heiminum til þess verra.

Barátta þeirra fyrir betri heimi snýst því um það að berjast gegn fólki og hreyfingum sem krefjast breytinga og að berjast gegn þeim breytingum sem hafa orðið á samfélaginu frá þeim tíma sem þau telja að hafi verið góður, þar sem samfélagið var þá sett upp á hátt sem hæfði mannlegu eðli, eins og þau skilja það út frá hugmyndafræði sinni sem best.

Íhaldssemi sem þessir einstaklingar halda upp á, heldur fast í tvíhyggju kynjahlutverk, heterónormatíveika og þá hugmynd að mikilvægir eiginleikar mannfólksins séu erfðir frekar en ráðnir af umhverfi þess. Því mun breyting á skipulagi samfélagsins með hlutum eins og jákvæðri mismunun aðeins verða til þess að það fólk sem er verr í stakk búið til að sinna ákveðnu starfi fá það starf sem það sækist eftir en þau, eða þeir, sem myndu einfaldlega vinna vinnuna betur fá hana ekki.

Frjálslyndi sem íhaldsemi

En Jordan Peterson og Paul Joseph Watson lýsa sér sem „klassískum frjálslyndismanni“ (e. Classical Liberal) á svipuðum nótum og John Stewart Mill með fókusi á frelsi einstaklingsins og mikilvægi mál- og hugsunarfrelsis. Hann talar t.d. oft um baráttuvöll hugmynda, tilvísun í hugmynd Mills um markaðstorg hugmynda, þar sem allir ættu að hafa frelsi til að mæta með hugmyndir sínar til þess að hægt sé að rökræða þær, finna þær góðu og losa sig við þær slæmu. En hvað gerir það að verkum að slík einstaklingshyggja trúir á sömu kenningu og hinar verstu stefnur íhaldsseminnar, sem að flestar hugsa um samfélagið sem eina heild með einstaklingana vinnandi aðeins sem hluta af þeirri heild.

Vandamálið liggur einmitt í því að klassíska frjálslyndið er afar einstaklingshyggið, en það gerir greiningu á hópum erfiða. Einstaklingshyggja snýst nefninlega ekki út á það að gera sér grein fyrir því að fólk séu einstaklingar með sína drauma og þrár. Einstaklingshyggja er oft sett upp sem mótsvar við *collectivism*, sem er þá skilin sem sú tilhneiging að hugsa um heildina fram yfir einstaklinga. Einstaklingshyggja, hins vegar, greinir samfélagið sem hóp af einstaklingum. Þessi hugsun var sett svo fullkomlega í orð af Margret Thatcher sem sagði að það væri einfaldlega ekki til neitt sem hétu samfélag, það væru fjölskyldur og einstaklingar. Á meðan fólk sem aðhyllist nasisma og aðrar tegundum af fasisma horfir á einstaklinginn sem

part af samfélagi, part af lífríki, kerfi sem viðheldur okkur öllum með alla á sínum stað, horfir hinn frjálslyndi á einstaklinginn sem miðpunkt greiningar sinnar á samfélagi.

Einstaklingurinn reynir sitt besta við að gera gott fyrir sig og lifa eftir þeim gildum sem hann elur sér. Málið er að samfélagið er samt stillt upp í félagsleg kerfi en sá frjálslyndi tekur þeim einfaldlega sem gefnum þáttum lífsins. Hlutir sem gerast fyrir utan einstaklinginn og því fyrir utan greininguna. Auk þess að með því að einblína aðeins á einstaklinga er ekki hægt að sjá fordóma í kerfinu, kerfisbundna kynþáttahyggju eða annað slíkt. Líkt og Peterson segir þá er tilveran hörð, lífið er þjáning, heimurinn er óréttlátur. Svarið við því er þó ekki að safnast í hópa og reyna að laga heiminn, hann telur það geti bara endað með hrylling. Svarið er að vinna á sjálfum þér, manna þig upp, standa beinn í baki og harka af þér. Lífið er ömurlegt, sumir hafa það verr en aðrir, en það er bara þannig, sættu þig við það. Póstmóðernistarnir kunna bara ekki að meta erfiðin sem liggja að baki alls þess sem þau nýta í daglega lífi sínu, þeim vantar samúð með fólkinu sem byggir upp samfélagið og gildunum sem liggja þar að baki. (Ramble, 2017)

Mikilvægt er líka að sjá þar muninn á því hver ber ábyrgð á því að berjast gegn því. Hitler talaði um að það væri í verkahring ríkisins og fræðimanna þess að vernda almenninginn frá áhrifum úrkynjaðar bólsévískar listar. Breivik og Peterson, þó ólíkir á margan hátt, eru þó sammála því að mikilvægt sé fyrir einstaklinga að taka baráttuna gegn breyttum tímum.

Þessir frjálslyndu einstaklingar vilja oft ímynda sér sig verandi inni á milli tveggja öfga, milli Kommúnisma öðru megin og Nasisma hinum megin. Þrátt fyrir þetta virðast þau oft eyða meiri tíma í það að tala niður framsæknu hliðarnar, feminista og annað slíkt baráttufólk, á meðan rasíska hægrið er frekar ýtt til hliðar með örfáum orðum. Þetta er líklegast vegna trúnnar um það hversu stór marxisminn er orðinn. Ef að barátta blökkufólks, kvenna og hinsegins fólks er í raun partur af morðóðri hugmyndafræði, í það minnsta jafn morðóðri og nasismi, þá er kannski mikilvægara að tala um það heldur en hreyfingu eins og Alt-Right, sem enn er að mestu bara á hliðarlínunum. En spurningin um það af hverju ákveðnum hópum gengur betur í heiminum en öðrum getur í raun bara verið svarað með því hvort að þeir hópar séu betur til þess fallnir að eðli sínu eða vegna þess að umhverfið gerir þeim auðveldara fyrir.

Vandamálið með svona harðástar sjálfhjálparlínur er þó að það útskýrir ekki af hverju ákveðnir þjóðfélagshópar hafa margir svipaða reynslu sem aðrir hópar upplifa ekki. Fordómarnir sem svart fólk í Bandaríkjunum finnur af höndum lögreglunnar verður ekki lagað með því svart fólk verði duglegra að þrifa herbergið sitt og standa beint. Raunin er sú að þessir hópar virðast fá mismunandi laun, en svarið getur í raun bara verið eitt af öðru, annað hvort eru fordómar svo djúpt sokknir að margir hvítir menn hafa fengið að fara fram fyrir konur og fólk af öðrum kynþáttum eða þá að einhver eðlislegur munur sé á þessum sömu hópum. Peterson neitar að spila „identity politics“ sama frá hvorum endanum það er. En þegar greiningin á því hvers vegna fólk lendir á mismunandi stöðum stendur í þeirri trú að allir einstaklingar séu dæmdir á sama grundvelli þá hlýtur maður að enda á því að hugsa að kannski sé blökkufólk í eðli sínu lélegra í vinnu og líklegra til að stunda glæpi.

Jordan Peterson hefur verið sakaður um að vera partur af Alt-Right hreyfingunni en hann hefur neitað þeirri tengingu. Líkt og ég minntist á hér að ofan þá neitar hann að taka þátt í „identity politics“. Hvort sem það er af vinstri vængnum í baráttu þeirra fyrir réttindum minnihlutahópa eða af hægri þar sem sóst er eftir þjóðríki fyrir hvíta kynstofninn. Þetta er þá partur af sýn þeirra sem skilgreina sig sem klassísk frjálsslynd sem hlutleysi þeirra og einstaklingshyggju. Sem part af afneitun hans á nýnasistum skrifaði hann grein um þá samsæriskenningu að gyðingar séu margir í háttsettum stöðum í Bandaríkjunum vegna þess að gyðingar séu sem heild að stefna að heimsyfirvöldum. Raunverulega ástæðan fyrir því að gyðingar eru svona margmennir á mörgum valdastöðum, segir hann okkur, er einfaldlega sú að greindavísitala Ashkenazi gyðinga sé yfir meðaltali og séu þeir því með réttu komnir á hærra staði. (Peterson, On the so-called "Jewish Question", án dags.) Líkt og ég sagði hér að ofan gefur orðræða hans til kynna að hann telja þessa aukna greindavísitölu ekki vera afurð umhverfis gyðinganna heldur einfaldlega sem eðlislegur eiginleiki gyðinga sem kynþáttar.

Munurinn þá á sýn einstaklingshygginnar og íhaldsamrar sýnar á Menningarlegan Marxisma er sú að þau íhaldsömu sjá það sem úrkynjun, sjúkdóm í samfélaginu sem gerir heildina veikari á meðan einstaklingshyggjan sér það frekar sem væl, fólk að kenna öðru fólki um það hversu erfitt lífið þeirra er. Sem, jú, hefur neikvæð áhrif á samfélagið, en bara ef Menningarlegir Marxistar ná valdi. Það sem þessar sýnir eiga sameiginlegt er að þær neita því að heimurinn gæti verið gerður betri fyrir fólk á einhvern annan hátt en að harka af sér og spila leikinn, fá sér vinnu og stofna fjölskyldu.

Hvað er „Vestræn Siðmenning“

Hugmyndin um Vestrið gegn restinni, og þá sérstaklega gegn Islam, minnir mjög á hugmynd sem bandaríski stjórnmálafræðingurinn Samuel S. Huntington skrifaði um þegar aldarmótin nálguðust og fræðimenn voru að keppast við að spá fyrir um það hvernig heimurinn eftir Kalda Stríðið myndi líta út. Huntington hélt því fram að átök framtíðarinnar myndi að mestu myndast á milli siðmenninga sem ekki myndu skiptast af efnahagsmálum eða hugmyndafræði heldur tengsl þeirra við hvort annað með sögu, tungumálum, menningu og, mikilvægast, trú. „The people of different civilizations have different views on the relations between God and man, the individual and the group, the citizen and the state, parents and children, husband and wife, as well as differing views of the relative importance of rights and responsibilities, liberty and authority, equality and hierarchy.“ (Huntington, 1996)

Þjóðríkin eru þá ekki lengur stærstu einingarnar. Skipting ríkja niður í fyrsta, annan og þriðja heiminn, sem hafði verið vinsæl í gegnum Kalda Stríðið, eiga ekki lengur við. Sem dæmi minnst hann á kínverska, japanska, íslamska og Vestræna Siðmenningu. Minni einingar gætu verið hópaðar saman í stærri einingar: Þorp í norður Ítalíu er ólíkt þorpi í suður Ítalíu en þau eru lík á hátt sem skilgreinir þau frá þýsku þorpi en ítölsku og þýsku þorpin eru lík á hátt sem skilgreinir þau sem Vestræn, öðruvísi en kínversk og íslamsk og það eru stærstu einingarnar. Þessar stærstu einingar eru þá siðmenningarnar. Fólkið sem býr í þessum löndum getur breyst á ýmsan hátt, hinir fátæku geta orðið ríkir og Kommúnistar geta orðið lýðræðissinnar, segir hann, en breytingin á siðmenningu tekur nokkrar kynslóðir. Það verða auðvitað einhver minniháttar átök innan siðmenningar en mikilvægustu átökin verða á milli þeirra og helstu áhyggjunnar sem hann telur Vestrið þurfa að hafa eru af Islam. Það sem einkennir Vestræna Siðmenningu samkvæmt Huntington eru til dæmis: einstaklingshyggja, frjálslyndi, stjórnarskrárhyggja, mannréttindi, jafnrétti, frelsi, lagahyggja, lýðræði, frjálsir markaðir og aðskilnaður ríkis og kirkju. (Huntington, 1996)

Huntington virðist ganga út frá því að átök milli þessara siðmenninga sé óhjákvæmileg og því þurfum við að ganga áfram með það í huga að átök munu gerast og ef Vestrið vinnur ekki þá tapar það. Við í vestrinu þurfum því að gera ráð fyrir því að fólk úr öðrum siðmenningum mun ekki hegða sér í samræmi við gildi né hagsmuni okkar og

skipuleggja okkur í samræmi við það, sérstaklega með dvínandi valdi Vestursins yfir restinni af heiminum. Áhersla Huntington liggur á stórum hluta í því hvernig menningarlegar heildir koma saman í efnahagslegum og hernaðarlegum málum til að mynda heildir sem munu takast á þegar fram líða stundir. Huntington segir að mikilvægt sé því fyrir Vestræn ríki í Evrópu og Norður-Ameríku að vinna vel saman og reyna að rækta góð samskipti við ríki sem eru nálæg okkur í menningu, til dæmis Austur-Evrópu og Latín-Ameríku. Að auki þarf að vinna að því að passa að hernaðargeta og efnahagur Vestursins verði aldrei minni en hinna Siðmenninganna. (Huntington, 1996)

Ef við snúum okkur þá aftur að samsæriskenningunni þá eru Menningarlegu Marxistarnir að grafa undan getu okkar til að vernda okkar Vestrænu Siðmenningu. Bæði eyða þeir henni að innan með hreyfingum eins og feminisma og með því veikja eða breyta þessum einkennum siðmenningar sem ég taldi upp hér að ofan og á sama tíma gera það auðveldara fyrir aðrar siðmenningar, þá aðalega Islam, að koma inn og taka yfir landsvæðin og endanlega eyða Vestrænni Siðmenningu. Þau sem setja sig þá upp sem verjendur Vestursins vilja þá ekki að þessi eining falli og hinar einingarnar taki yfir og að með því hættum við sem áður vorum „Vestræn“ að vera til. En á þessi skilgreining rétt á sér?

Huntington segir okkur að mikilvægt sé fyrir okkur að vernda Siðmenninguna okkar en hann minnst þó á það að „Vesturbúi“ muni ekki vera eina sjálfsmynd komandi ára. Þótt að hann máli það upp sem svo að baráttulínur framtíðar verða á milli siðmenninga og að við, sem Vestrið, þurfum að vernda okkar siðmenningu á baráttuvelli alþjóðarstjórn mála þegar fram dregur þá tekur hann það fram að siðmenningar munu ekki taka við af öllum öðrum sjálfsmyndum né að átök innan siðmenninga geti ekki gerst. Hann vill bara benda á að þessar menningarlegu einingar séu raunverulegar og að þær munu hafa mikil áhrif. (Huntington, 1996)

En er Vestrið ein heild? Edward Said skrifaði stutta grein sem svar árið 2001 titluð: „The Clash of Ignorance“. Í henni bendir Said á hversu illa skilgreindar þessar siðmenningar eru og að það sé svakaleg einföldun á flóknu máli að setja upp „Vestrið“ gegn „Islam“. „...as if hugely complicated matters like identity and culture existed in a cartoonlike world where Popeye and Bluto bash each other mercilessly, with one always more virtuous pugilist getting the upper hand over his adversary.“ (Said, 2001)

Hann sakar Huntington um að vera „ideologist“, einhver sem vill taka hluti eins og siðmenningu og sjálfsmynd og mála þá upp sem einhverja fasta, óhaggandi hluti, sem þau eru alls ekki og að hann tali eins og heimsvaldastefnur og trúabrögð séu það eina sem skilgreini sögu siðmenninga á meðan raunin sé sú að sagan inniheldur óteljandi dæmi um friðsamlega samveru og skipti á ýmsum þáttum siðmenninganna. (Said, 2001)

Gagnrýni Said á Huntington tel ég einnig eiga við þegar talað er um áhangendur samsæriskenningarinnar, mögulega enn betur. Þau trúa á eininguna „Vestræn Siðmenning“ sem „við“ sem ólumst upp í henni höfum sem okkar einkennandi sjálfmynd. Árás á þessa hugmynd um Vestrið er þá árás á „okkur“. Auk þess eru einhver gagnrýni á þau gildi sem þau telja Vestræn einnig árás á „okkur“. Þetta felur í sér hugmynd um Vestrið sem einhverja óhaggandi einingu sem hefur aldrei breyst og mótlæti þeirra við félagslegum breytingum á grundvelli einhvers mannlegs eðlis felur í sér þá hugmynd að eðli manneskjunar sé föst í því móti að lifa í kjarnafjölskyldu innan kapítalísks hagkerfis. En siðmenningin okkar, líkt og allar aðrar, er ávallt að breytast. Evrópa og í raun heimurinn allur er alls ekki sá sami og hann var fyrir hundrað árum og mannveran komst eins langt og hún hefur þróast með því að aðlagast aðstæðum.

Oft getur verið ruglingslegt að hlusta á marga þessa fræðimenn og áróðursmeistara þar sem þau nota oft hugtök án þess að lýsa því eitthvað nánar hvað þau þýða. Þá virðist oft sem pósmodernismi, marxismi, nýmarxismi, stalinismi, bolsévismi og feminismi sé um það bil sami hluturinn. Þau sem tala um þessa marxíska plot um að breyta menningu vesturlanda virðast í raun bara að vera að tala um breytingu á samfélaginu yfirhöfuð. Sumir vilja ekki breytingu á kynjahyggjunni, aðrir vilja ekki breytingu á kynþátta- eða þjóðernisuppsetningu landa, enn aðrir vilja ekki breytingar á ráðstöfun þátta efnahagsins. Þessi kenning nær að sameina alla þessa ótta í eina kenningu og kenna marxistum, menntakerfinu eða gyðingum um það.

Hvað er Marxismi?

Skilgreining þeirra sem trúa á kenninguna á Marxisma er ágætlega einföld. Marxismi, samkvæmt þeim, er hugmyndafræði sem skilur mannfólk innan kapítalisma niður í tvo hópa, eignarstétt og launafólk, eða *bourgeoisie* og *proletariat*, efnahagslegir kúgarar og þau kúguðu. Auk þess er eignarfólk alltaf siðferðislega illt og launafólkið er alltaf siðferðislega

gott, sama hvað einstaklingar gera, eignarfólk á alltaf skilið það slæma sem gerist fyrir þau en launafólkið á alltaf rétt á því að hafa það betra.

Karl Marx skrifaði afar mikið. Meira en mun komast fyrir hér. Hann greindi kapítalisma síns tíma og komst að þeirri niðurstöðu að kapítalismi, hagkerfi sem snýst um kapítal, skiptir samfélagi í grófum dráttum niður í tvær stéttir: Þau sem eiga kapítal, það er framleiðslutækin, og þau sem neyðast til þess að vinna fyrir eigendur kapítalsins til þess að fá nauðsynjar sínar uppfylltar. Greining hans var byggð á vinnuverðgildiskenningunni (e. Labour Theory of Value) en þá var það verkalýðurinn, eða *proletariat*, sem í raun búa til verðmætin sem er síðan skipst á á markaðinum. Eigendur kapítalsins, eða *bourgeoisie*, eignar sér síðan meirihlutann af verðmætunum sem verkalýðurinn skapar. Þetta fyrirkomulag myndi óhjákvæmilega enda í kreppum þar sem ýmsar tilhneigingar innan kerfisins unnu gegn hvor annarri og myndi á endanum brotna niður og trúði hann að Kommúnismi væri það sem þyrfti að koma eftir það fall. Hann fór ekki í nein smáatriði um það hvernig slíkt samfélag myndi líta út, hann trúði að það myndi ekki verða framleitt eftir einhverri fræðibók heldur myndi það samfélag myndast samkvæmt efnislegri framþróuninni. (Wolff, 2003) Sýn Marxista á heiminn er því aðeins flóknari en aðeins að það séu stéttir sem takast á. Ef barátta milli þeirra valdmeiri og valdminni er nægileg skilgreining á Marxisma verða mjög margar hugmyndir í raun Marxískar. Í raun upp að því marki að allir sem berjast gegn valdastrúktúrum verði skilgreindir sem Marxistar.

Marx var efnahyggjumaður. Sem þýðir að hann taldi mikilvægasta þáttinn í greiningu á samfélagi vera efnislegar aðstæður þess. Hann þróaði hugmyndina um Sögulega efnishyggju. Það er sú sýn að saga mannkynsins getur verið skilin í gegnum tengsl félagslegra hópa við framleiðslu þeirra þátta sem gera mannlega tilveru mögulega, mat, skjól, föt og fleira. Félagslegt samband þessara hópa, auk stjórnmálastrúktúranna og hvernig fólk hugsar, er þá byggt á og spegla þáverandi hagfræðilega stafsemi. (Wolff, 2003)

Ekki þarf að vera hissa yfir því að fólk sem trúir á samsæriskenninguna um Menningarlegan Marxisma neiti Marxisma í heild sinni þar sem þarna fer fram allt önnur sýn á mannlegt eðli en einstaklingshyggja frjálslyndisins eða eðlishyggja íhaldsins. Bæði Jordan Peterson og Paul Joseph Watson tala um mikilvægi þess að réttu hugmyndirnar séu hafðar í hávegi. Samkvæmt þeim hafa hugmyndir sem Póstmóderísku Menningarlegu Marxistarnir hafa komið inn í menntakerfið og menninguna fengið alla til að hugsa um einhverja vitleysu í

sambandi við valdastrúktúra kynjanna og fleira. Marxistar myndu hins vegar segja að það væru í raun þeir sem væru búnir að innbyrða ráðandi hugmyndafræði efnislegra raunveruleika þeirra og þess vegna geta þeir ekki ímyndað sér neitt annað en það sem þeir ólust upp í.

Sem dæmi um það hvernig þau horfa fram hjá efnislegum aðstæðum fólks við greiningu sína talar Paul Joseph Watson um sjálfsmorðstíðni ungs fólks í myndbandinu „The Truth About Popular Culture“. Hann kennir hnignun menningarinnar, sem Menningarlegu Marxistarnir hafa víst látið gerast, um aukna sjálfsmorðartíðni ungs fólks frá árinu 2010. (Watson, 2017) Önnur ástæða, sem ég tel að gæti mögulega átt betur við, er sú að árið 2008 skall á eitt svakalegasta efnahagshrun í lifandi minni og samfélagslegu vandamálin sem fylgja slíku voru alls ekki búnir að lagast nokkrum árum eftir. Þetta kemur þá mismunandi út hjá Klassískt Frjálslyndu fólki og þeim sem aðhyllast harðari eðlishyggju. Þau Klassískt Frjálslyndu útskýra að ástæðan fyrir því að svart fólk hefur það verr í Bandaríkjunum sé sú að einstaklingar og fjöldskyldur þurfi einfaldlega að taka sig saman og gera betur, það sé mögulegt en það sé einfaldlega á þeim svörtu að laga hverfin sín á meðan eðlishyggid fólk myndi segja að glæpir og dópneysla sé einfaldlega í eðli þeirra.

Eru „Marxistarnir“ í raun þau fordómafullu?

Punktur sem baráttufólk gegn Menningarlegum Marxisma minnst oft á er að það séu í raun Menningarlegu Marxistarnir sem séu fordómafullir. Dæmi um meinta fordóma þeirra liggur í jákvæðri mismunun. Jákvæð mismunun er tól sem hugsað er til þess að auka jafnvægi hópa innan einhverskonar stofnanna. Hugmyndin er sú að ef hallar á einhvern hóp innan einhverjar stofnunar, annað hvort fyrirtækis sem heild eða innan einhverjar ákveðinnar deildar, og umsækjendur eru jafnhæfir þá á að ráða þann sem tilheyrir þeim hóp. Þannig á að bæði vinna gegn því að fordómar verði til þess að fólki sé neitað um einhverrar stöðu innan samfélagsins og að mismunandi flóra verði innan stofnanna af fólki af mismunandi bakrunnum.

En eins og Jordan Peterson sér þetta þá er þetta hinn arfasti tvískynningur. Ef fordómar eru slæmir vegna þess að við erum í raun öll eins að eðlisfari telur hann enga ástæðu til að halda að fólk úr mismunandi hópum búi yfir einhverri þekkingu sem hinir hóparnir hafa ekki jafn greiðan aðgang að. Fyrir honum er þetta í raun Menningarlegu Marxistarinnar að segja að fólk sem tilheyrir mismunandi samfélagshópum séu í raun svo

öðruvísi í eðli sínu því ef svo væri ekki myndi það ekki skipta máli hvort hvítu drengirnir væru á efstu stöðunum. En fyrir utan það hræðist hann það skilgreiningarvald sem einhverjir óþekktir aðilar munu hafa þar sem einhver þarf að ákveða hvaða hópar séu taldir inn í reikninginn. Margir þættir geta orðið til þess að fólk hafi það erfitt og er því hægt að skilgreina minnihlutahópa út frá mörgum af þessum þáttum. Mun þá fólkíð sem stjórnar hvaða hópar skilgreinast sem minnihlutahópar hafa mikið vald. (Ruminate, 2017)

Þetta sýnir þá aftur hvernig Peterson neitar að horfa á hvernig félagslegur raunveruleiki getur haft áhrif á fólk. Það að fólk úr mismunandi félagshópum hafi mismunandi sýn á heiminn þarf ekki að vera útskýrt af einhverjum eðlismuni. Útskýringin gæti einfaldlega verið sú að þættir eins og kyn, kynþáttur, kynvitund, fötlun og fleira mun hafa haft áhrif á það hvernig þessar manneskjur hafa upplifað heiminn og hvernig annað fólk hefur komið fram við þær í gegnum tíðina. Þessar mismunandi upplifanir geta gefið fólk innisýn inn í raunveruleika samfélagsins sem aðrir hópar gera sér ekki grein fyrir að sé til staðar.

Fyrir Peterson og öðru einstaklingshyggnu Klassísku Frjálshyggjufólki eru fordómar í samfélaginu aðeins framkvæmdir af einstaklingum og því er engin ástæða fyrir því að vinna kerfisbundið gegn þeim vegna þess að það er ekkert kerfi sem heldur þeim við. Þetta kemur þá aftur niður á þeirri sýn að heimurinn sé í raun eins jafnréttur og mögulegt er að hafa hann og að einhver breyting sé til þess verra.

Ef ytri aðstæður okkar eru allar sambærilegar og við byrjum öll á sama stað þegar kemur að valdi og möguleikum, eða eins mikið á sama stað og mögulegt er, þá myndu breytingar búa til ójöfnuð. Þetta er fullkomlega sett í orð þeirra að við þurfum að berjast fyrir „equality“ en ekki „equity“. „Equality“ er þá skilið sem það ástand þar sem allir hafa sömu möguleika en „equity“, er það ástand þar sem allir hafa sömu útkomu. Marxistar og Menningarlegir Marxistar, segir Peterson og fleiri, eru þá að berjast gegn því að einhver verði ríkur eða eignist aukið vald, vilja sömu útkomu, á meðan það sem við ættum að berjast fyrir sé jafnrétti, sömu möguleikar. En ef að eiginleikar eins og kyn, kynþáttur, kynhneigð, kynvitund o.fl. hefur áhrif á getu okkar til að auka okkar stöðu í veruleikanum sem við búum í, hvort sem það er mælt í efnahagi eða völdum, getum við þá sagt að við höfum í raun öll sömu möguleika?

Hvað er Póstmódernismi?

Póstmódernismi er oft settur upp sem sami hluturinn og menningarlegur marxismi, eða að minnsta kosti eru þeir sem halda uppi hugmyndafræði Menningarlegra Marxista oft sagðir vera Póstmodernistar. Skilgreining samsæriskenningarinnar á Póstmódernista virðist vera einhver sem trúir ekki á hlutlægann raunveruleika. Póstmódernistinn lifir því í algerri afstæðishyggju þar sem allar skoðanir og allar tilfinningar eiga allar jafnrétt á sér í öllum samræðum. Ef Póstmódernistanum líður eins og hann sé á einhvern hátt kúgaður þá er alveg jafn gildur raunveruleiki og hver annar. Póstmódernistarnir hafna því vísindalegum sannleikum og röksemdafærslum og hampa tilfinningum.

Þetta er smá ruglingslegt. Hugtakið Póstmódernismi hefur verið notað yfir marga hluti en það er, líkt og það segir sjálf, það sem kom á eftir Móðernisma, báðar eru þetta víðar heimspekilegar hreyfingar sem koma fram í ýmsum þáttum mannlífsins. Í kjarna Póstmódernisma er þó höfnun á því sem kallast stórsögur (e. Metanarrative) og þeim hugmyndafræðum sem tilheyra Móðernisma og efasemdir á rökhyggju. Stórsögur eru þá þær sögur sem eiga að geyma eitthvað samhengi fyrir allar aðrar sögur sem gerir okkur kleift að skilja framgöngu heimsins. (Aylesworth, 2005)

Strax fer að segja að Menningarlegur Marxismi og Póstmódernismi sé það sama að hljóma undarlega. Samkvæmt skilgreiningu þeirra á Menningarlegum Marxisma snýst hann um það að sögu heimsins sé hægt að skilja sem barátta milli kúgara og hinna kúguðu og að sú saga muni enda með endanlegri útópíu þar sem enginn er kúgaður. Það hljómar mjög eins og stórsaga. Marxismi var þróaður frá hugmyndum Hegel og eins og þær eru algerlega Móðernískar.

Efasemdir Póstmódernista á rökhyggju er síðan líklega sá hlutur sem tekin er sem neitun á hlutlægum raunveruleika og ástæða afstæðishyggju Póstmódernista. Rökhyggja er sú afstaða að heimurinn sé í grunnin á rökum byggður og að rök hugsun sé þá besta leiðin til þess að komast að sannleika um hann. (Markie, 2004) Undir þessum kringumstæðum verður empirísk sönnun óþörf eða annarsflokks. Póstmódernistar hafa þá efasemdir á þessari trú á kalda rökhyggju vegna þess að sýn einstaklinga á hvað virðist vera röklegt getur málást af ýmsum aðstæðum þeirra og getuleysi þeirra til að skilja heiminn.

Þegar lesið er rit eftir marga hugsuði getur maður séð að þeir gefa sér sem gefið einhverjar forsendur um heiminn sem eiga mögulega ekkert undir sér og byggja síðan upp heilt ávarp sem röklega afleiðu þeirra forsenda og því sem sannleika. Sú afstaða að sýn okkar á hvað virðist vera röklegt myndast á stóran hátt af umhverfinu sem við búum í og eigum samskipti við varð til þess að Póstmóðernistar efuðu þá sýn að einstæði heimspekingurinn gæti komist að einhverjum sannleika um raunveruleika með rökhusun einni að vopni. Þetta er ekki það sama og að segja að hlutlægur raunveruleiki sé ekki til, heldur er þetta játtun á því að við neyðumst öll til að upplifa hann frá okkar einstæðu staðsetningu innan hans og í gegnum skilningarvit sem eru oft óáreiðanleg. Mikilvægt er því að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig aðstæður og staða einstaklinga hefur áhrif á hugmyndir þeirra.

Áhugaverð er þessi neitun á afstæðishyggju þar sem ein af reglum Jordan Peterson til góðs lífverni er „Assume that the person you are listening to might know something you don't“. Þetta er einnig hjarta mikilvægi málfrelsisins eins og Peterson, John S. Mill og fleiri verja það, aðrir eru líklegir til að vita hluti sem þú veist ekki og því er mikilvægt að allir hafi réttinn til að koma með hugmyndir sínar á markaðstorg, eða bardagavöll, hugmynda. Muninn tel ég einmitt liggja í rökhyggjunni.

Þau trúa því að það sé einhver hlutlægur raunveruleiki fyrir utan okkar skynjun en þau trúa því einnig að við eigum öll samskipti við hann á sama hátt. Það að við upplifum umheiminn öll eins þýðir að ef við setjumst bara öll saman og ræðum umheiminn munum við öll á endanum komast að sameiginlegri sýn á umheiminn.

Gagnrýnin sýn á forsendum þess sem við tökum sem gefnum hlutum hlýtur að vera góð leið til þess að komast að því hvort þeir hlutir séu eins óbreytanlegir og við eigum til með að halda en þau sem gráta Menningarlegann Marxisma trúa því að þessi grundvöllur sem verið sé að gagnrýna sé bæði undirstaða velferðar okkar, einkenna okkar og hlutlægur sannleikur, undirstaða Vestrænna Siðmenningar, og það að grafa undan trú okkar á þessar forsendur muni enda í eyðileggingu þess.

En þetta fólk trúir því að félagslegar aðstæður hafi ekki áhrif á okkur á nægilegan hátt svo að það þurfi að breyta aðstæðum til að við verðum á jafnari grund. Við erum á eins jafnri grund og við getum verið og því eru allar breytingar til hins verra. Trúendur kenningarinnar telja raunveruleikann vera útskýrðan með þeim þáttum sem eru forsendur gildanna sem eru

Vestræn Siðmenning. Sú útskýring er þekkjanleg af okkur sem manneskjur og skiljanleg af öllum sem einstaklingar.

Lokaorð

Svo oft þegar fólk talar saman um mikilvægt málefni tala þau algjörlega framhjá hvoru öðru. Það er margþætt vandamál og margt sem kemur inn í þá umræðu. Einn af þeim þáttum tel ég vera að okkur vantar yfirleitt góðan skilning á þeim forsendum sem bæði við og þau sem við erum að tala við eru að vinna frá. Þar er ég svosem að gefa mér það að þeir sem taka þátt í svona samræðum gera það í góðri trú, sem er geri ég mér grein fyrir, oft óskhyggja, sérstaklega þegar talað er um gyðingahatara eða kynþáttahatara. En þegar um þau er að ræða tel ég mikilvægt að gera sér einnig grein fyrir hugmyndum þeirra sem fyrsta skref í að skilja aðferðir þeirra.

Einna helst skaðleg niðurstaða þess að við skiljum ekki hugmyndafræðilega samhengi einhverja hugmynda verður sú að hættulegar hugmyndir geta komist í meginstrauminn án þess að segja alla söguna. Til dæmis hefur Jordan Peterson orðið stórvinsæll meðal meðlima Alt-Right. Hann neitar öllum tengslum við þá hreyfingu og hefur skrifað um hvað samsæriskenningin um heimsyfirvöld gyðinga sé heimskuleg, en hann skrifar um það á hátt sem að ýtir þó undir hugmyndina um að gáfur séu tengdar við kynþætti og afstaða hans til baráttuhópa kvenna og minnihlutahópa gefur til kynna að hann telji stöðu þeirra vera einfaldlega eðli þeirra að kenna þar sem engin samfélagsleg breyting gæti breytt stöðu einstaklinganna nema með valdi og þá gegn eðli þeirra.

Þegar sóst er eftir því að ræða við fólk sem trúir því að Vestrið sé að falla getur skipt máli hvort að þau séu aðeins viss um að menningarheimar geti ekki blandast eða hvort þau trúa að kynþættir hafi eðlismuni sem gera þau öðruvísi eða hvort þau trúa því að hvíti kynstofninn þurfi að tryggja sér sitt eigið þjóðríki. En hér hef ég reynt að sýna fram á það að þessar hugmyndir koma allar frá afar svipuðum slóðum. Það er trú á menningareiningar kallaðar Siðmenningar og að þær hafi gríðarlegan þátt að leika í bæði persónulegu lífi fólks og alþjóðapólitík. Það er trúin að Vestræn Siðmenning sé annað hvort betri en aðrar eða þurfi að vera vernduð sem partur af sjálfsmynd þeirra sem búa innan hennar.

Einn af helstu styrkleikum kenningarinnar er hversu lausleg hún getur verið. Mismunandi einstaklingar og samtök hafa útskýrt innviði þessarar kenningar og ekki séu öll smáatriði eins. Það er hægt að minnka eða stækka hlut gyðinga í samsærinu og halda því fram að þetta sé ekkert samsæri til heimsyfirráða hvorki af gyðingum né kommúnistum heldur séu aðeins allir svo djúpt sokknir í hugmyndafræði þeirra að fólk gerir sér ekki grein fyrir því hvað það er að gera.

Í raun geta allir sem ósáttir eru við breytingar í þágu kvenna eða minnihlutahópa í Vestrænum samfélögum geta tileinkað sér þessa samsæriskenningu. Kjarninn er einfaldlega sá að tilverufirrt fólk sé að fylla almúgann fullan af ranghugmyndum sem endar í því að þau vilja breyta hlutum sem ekki er hægt að breyta. En raunin er auðvitað sú að heimurinn er alltaf að breytast og tel ég því augljóst að því framtíðin muni halda áfram að sýna okkur að það sé allt í lagi. En þá munu áhangendur samsæriskenningarinnar líklegast breyta punkturnum sínum til að gráta þær breytingar sem eru í gangi þá, en þá er gott að vita hvað liggur að baki þessarar kenningar.

Heimildaskrá

- Aylesworth, G. (30. September 2005). *Postmodernism*. Sótt frá Stanford Encyclopedia of Philosophy: <https://www.britannica.com/topic/postmodernism-philosophy>
- Bohman, J. (8. Mars 2005). *Critical Theory*. Sótt frá Stanford Encyclopedia of Philosophy: <https://plato.stanford.edu/entries/critical-theory/>
- Breivik, A. (2011). 2083: A European Declaration of Indipendence.
- Gramsci, A. (2006). Hegemony, Intellectuals and the State. Í J. Storey, *Cultural theory an popular culture: A reader* (bls. 210-216). Athens: The University of Georgia Press.
- Hitler, A. (1999). *Mein Kampf*. (R. Manheim, Þýð.) New York: Houghton Mifflin Company.
- Huntington, S. P. (1996). *The Clash of Civilizations*. New York: Simon & Schuster.
- Kellner, D. (án dags.). *Erich Fromm, Feminism, and the Frankfurt School* . Sótt frá UCLA Graduate School of Education & Information Studies: <https://pages.gseis.ucla.edu/faculty/kellner/illumina%20Folder/kell8.htm>
- Lawlor, L. (22. Nóvember 2006). *Jacques Derrida*. Sótt frá Stanford Encyclopedia of Philosophy: <https://plato.stanford.edu/entries/derrida/>
- Lind, B. (5. Febrúar 2000). *The Origins of Political Correctness*. Sótt frá Accuracy in Accademia: <https://www.academia.org/the-origins-of-political-correctness/>
- Markie, P. (19. Ágúst 2004). *Rationalism vs. Empiricism*. Sótt frá Stanford Encyclopedia of Philosophy: <https://plato.stanford.edu/entries/rationalism-empiricism/>
- Óþekktur höfundur. (án dags.). *The Protocols of the Learned Elders of Zion*. Sótt frá Archive: <https://archive.org/stream/TheProtocolsOfTheLearnedEldersOfZion/ProtocolsOfTheEldersOfZion#page/n17/mode/2up>
- Páll Skúlason. (2008). Menning og markaðshyggja. *Skírnir*, 5-40.
- Peterson, J. B. (27. September 2016). *2016/09/27: Part 1: Fear and the Law*. Sótt frá Youtube: <https://youtu.be/fvPgjg201w0>

- Peterson, J. B. (5. Október 2016). *2016/10/05: Part 3: The PC Game (and some counter-tactics)*. Sótt frá Youtube: <https://youtu.be/W2u62u4entc>
- Peterson, J. B. (án dags.). *On the so-called "Jewish Question"*. Sótt frá Jordan B Peterson: <https://jordanbpeterson.com/psychology/on-the-so-called-jewish-question/>
- Ramble. (3. September 2017). *Jordan B Peterson: How to End Postmodernism*. Sótt frá Youtube: https://www.youtube.com/watch?v=TaAA_jkkkpU
- Ruminate. (6. Júlí 2017). *Postmodernism and Cultural Marxism | Jordan B Peterson*. Sótt frá Youtube: <https://www.youtube.com/watch?v=wLoG9zBvvLQ>
- Said, E. W. (4. október 2001). *The Clash of Ignorance*. Sótt frá The Nation: <https://www.thenation.com/article/clash-ignorance/>
- Watson, P. J. (5. Febrúar 2017). *The Truth About Popular Culture*. Sótt frá Youtube: <https://www.youtube.com/watch?v=lyLUIXWnrC0>
- Wolff, J. (26. Ágúst 2003). *Karl Marx*. Sótt frá Stanford Encyclopedia of Philosophy: <https://plato.stanford.edu/entries/marx/>